

HV 2023-25
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Erfðablöndun villts íslensks lax (*Salmo salar*)
og eldislax af norskum uppruna /
Hybridization between wild Icelandic salmon (*Salmo salar*)
and farmed salmon of Norwegian origin

*Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Sten Karlsson, Hlynur Bárðarson,
Ingerid Julie Hagen, Áki Jarl Láruson, Sæmundur Sveinsson og Davíð Gíslason*

HAFNARFJÖRÐUR – JÚLÍ 2023

Erfðablöndun villts íslensks lax (*Salmo salar*)
og eldislax af norskum uppruna /
Hybridization between wild Icelandic salmon (*Salmo salar*)
and farmed salmon of Norwegian origin

*Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Sten Karlsson, Hlynur Bárðarson,
Ingerid Julie Hagen, Áki Jarl Láruson, Sæmundur Sveinsson og Davíð Gíslason*

Upplýsingablað

Titill: Erfðablöndun villts íslensks lax (*Salmo salar*) og eldislax af norskum uppruna / Hybridization between wild Icelandic salmon (*Salmo salar*) and farmed salmon of Norwegian origin

Höfundur: Leó Alexander Guðmundsson¹, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir¹, Sten Karlsson², Hlynur Bárðarson¹, Ingerid Julie Hagen², Áki Jarl Láruson¹, Sæmundur Sveinsson³ og Davíð Gíslason³

¹) Hafrannsóknastofnun

²) Norsk institutt for naturforskning (NINA)

³) Matís ohf.

Skýrsla nr:

HV 2023-25

Verkefnisstjóri:

LAG

Verknúmer:

13166, 15026

ISSN

2298-9137

Fjöldi síðna:

74

Útgáfudagur:

3. júlí 2023

Unnið fyrir:

Hafrannsóknastofnun

Dreifing:

Opin

Yfirfarið af:

Guðni Guðbergsson

Ágrip

Erfðablöndun við eldislax getur breytt erfðasamsetningu villtra stofna, leitt af sér breytingum í lífsögulegum þáttum og jafnvel valdið hnignun stofna. Á Íslandi er sjókvíaeldi á laxi af norskum uppruna vaxandi atvinnugrein. Framleiðsla á eldislaxi hefur farið úr því að vera nánast engin árið 2010 upp í 43.000 tonn árið 2022. Samkvæmt núgildandi ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar (áhættumat erfðablöndunar) er talið að hægt sé að ala 106.500 tonn af frjóum laxi án þess að það valdi neikvæðum áhrifum á nytjastofna villtra laxa. Í erfðarannsókn frá 2017, þar sem notast var við 15 örtungl (e. microsatellites), fundust merki um erfðablöndun í ám í nálægð við sjókvíaeldi á Vestfjörðum. Í þessari rannsókn voru laxasýni tekin í ám hringinn í kringum landið og sýnafjöldi var tæplega tíu sinnum meiri. Alls voru 6.348 laxaseiði úr 89 ám rannsökuð og áhersla lögð á svæði í nálægð við sjókvíaeldi. Flest sýni tilheyrðu hrygningarárgöngum 2014-2018 þegar framleiðsla á eldislaxi var um 6.900 tonn að meðaltali. Sýni voru erfðagreind með 60.250 samsætum (SNP-erfðamörkum) og erfðaupplýsingar 250 eldislaxa nýttar til samanburðar. Stuðull erfðamunar (FST) milli íslenskra laxa og eldislaxa var 0,14 að meðaltali (miðað við 34.700 SNP) og 0,62 fyrir þau erfðamörk sem sýndu mestan aðskilnað milli hópanna tveggja (196 SNP). Erfðablöndun var greind með fjölþáttagreiningu (PCA) og í líkönum forritanna ADMIXTURE, STRUCTURE og NewHybrids. Alls greindust 133 fyrstu kynslóðar blendingar (afkvæmi eldislaxa og villtra laxa) í 17 ám (2,1% sýna, innan 18% áa). Eldri blöndun (önnur kynslóð eða eldri) greindist í 141 seiðum í 26 ám (2,2% sýna, innan 29% áa). Fyrstu

kynslóðar blendingar voru algengari á Vestfjörðum en Austfjörðum sem er í samræmi við að eldið á Austfjörðum hófst síðar og hefur verið umfangsminna. Erfðablöndun greindist yfirleitt í minna en 50 km fjarlægð frá eldissvæðum en nokkrir blendingar fundust í allt að 250 km fjarlægð. Aftur á móti var eldri erfðablöndun tíðari á Austfjörðum en Vestfjörðum og tengist líklegast eldinu sem þar var starfrækt í byrjun þessarar aldar. Eldri erfðablöndun var mest áberandi í Breiðdalsá og greindist í 32% (72 af 228) seiðanna. Þörf er á frekari rannsóknum á kynslóðaskiptingu blendinga, umfangi og orsökum dreifingar eldri blöndunar. Rannsóknin greindi sem fyrr segir áhrif frá upphafsárum núverandi eldis, meðan framleiðslumagn var lítið, og eldri tilrauna í sjókvíaeldi. Niðurstöðurnar í þessari skýrslu sýna að erfðablöndun hefur orðið við hlutfallslega lítið eldismagn.

Abstract

Hybridization of farmed salmon with wild populations can alter local genetic composition, lead to changes in life-history traits and possibly even population declines. In Iceland, production of a Norwegian origin of salmon in sea-cages is a growing industry. Production of farmed salmon has gone from almost nothing in 2010 to 43,000 tons in 2022. According to the current advice of the Marine and Freshwater Research Institute (risk assessment of genetic mixing) 106,500 tons of fertile salmon can be farmed without causing a negative impact on harvestable wild salmon populations. In a genetic study from 2017, analysis of 15 microsatellites revealed signatures of hybridization in the vicinity of salmon farms in the Westfjords. In this study, sampling was conducted around the country and the number of samples was almost ten times higher. A total of 6,348 salmon juveniles from 89 rivers were studied with emphasis on areas close to salmon farms. Most samples belonged to the spawning cohorts of 2014-2018, when the production of farmed salmon was 6,900 tons on average. Samples were analyzed with 60,250 single-nucleotide polymorphism (SNP) markers, with genetic information of 250 farmed salmon used as a baseline. A summary of genetic difference (F_{ST}) between Icelandic salmon and farmed salmon was 0.14 on average (34,700 SNPs) and 0.62 for the SNP's showing the greatest differentiation between the two groups (196 SNPs). Hybridization was analyzed by principal component analysis (PCA) and with model approaches implemented in the softwares ADMIXTURE, STRUCTURE and NewHybrids. A total of 133 first-generation hybrids (offspring of farmed and wild salmon) were detected in 17 rivers (2.1% of samples, in 18% of sampled rivers). Older hybridization (second generation or older) was detected in 141 juveniles in 26 rivers (2.2% samples, 29% of rivers). First-generation hybrids were more common in the Westfjords than in the Eastfjords, which follows the fact that the current farming in the Eastfjords started later and is less extensive than in the West. First-generation hybrids were usually detected less than 50 km from farming areas, but few were found in rivers up to 250 km away. Older hybridization events, on the other hand, were more frequently detected in the Eastfjords than in the Westfjords and is most likely related to the farming that operated there at the beginning of this century. Older hybridization events were most noticeable in the River Breiðdalsá and were determined in 32% (72 out of 228) of juveniles. Further examination of the generational range of hybridization, as well as the extent and causes of the spread of older hybridization events is needed. As mentioned above, this study focuses on the initial years of the ongoing salmon farming operations, while the production volume was low, and the effects of earlier experiments in salmon sea-cage farming. The results show that hybridization has occurred at relatively low production levels.

Lykilorð: erfðablöndun, villtur lax, eldislax, sjókvíaeldi, umhverfisáhrif

Undirskrift verkefnisstjóra:

Leó Alexander Guðmundsson

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Guðni Guðbergsson

Efnisyfirlit

Töfluskra	i
Myndaskra	i
Viðaukaskra	ii
Inngangur	1
Framkvæmd	2
Sýni og erfðagreining	2
Gagnameðhöndlun	6
Greining á erfðablöndun	6
Greining á fjölda og kyn stökulaxa sem lögðu til hrygningar	7
Niðurstöður	8
Umræður	19
Niðurlag	27
Þakkarorð	29
Heimildir	30
Viðaukar	36

Töfluskra

Tafla 1. Mat á fjölda eldislaxa sem tóku þátt í hrygningu þeirra seiða sem greind voru, skipt eftir ám og árum. Fjöldi eldis- og F1-blendingsseiða eru uppgefin ásamt upplýsingum um systkinahópa (greint í COLONY). Neðst í töflu er fjöldi stökulaxa sem bárust Hafrannsóknastofnun til greiningar og staðfestir sem slíkir. 18

Myndaskra

- 1. mynd.** Árlegt framleiðslumagn (í tonnum) á eldislaxi af norskum uppruna úr sjókvíum við Ísland skipt eftir framleiðslusvæðum. Kassi með brotalínum er dreginn utan um það tímabil sem sýni verkefnisins taka helst til og lóðrétt punktalína sýnir yngsta hrygningarárganginn sem sýni voru tekin af. Lárétt strikaalína efst á mynd sýnir leyfilegt framleiðslumagn skv. endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar 2020 (106.500 tonn). 3
- 2. mynd.** Staðsetning 89 ára og ártal sýnatöku 6.614 erfðasýna af laxaseiðum. Gráir þríhyrningar gefa til kynna að yfirleitt voru fáir fiskar valdir á grunni vísbendinga um mögulega erfðablöndun (greining örtungla) eða til að styrkja gagnagrunn erfðaupplýsinga villtra laxa ($N = 218$). Að baki sýnatöku úr hverri á geta verið ein eða fleiri sýnatökustöðvar, allt upp í átta 5
- 3. mynd.** Niðurstöður fjölþáttgreiningar (PCA) á öllum löxum verkefnisins sem greind voru með 34.700 SNP. Seiði úr ám ($N = 6.348$) eru pastel rauð og eldislaxar af norskum uppruna (fullorðnir stökulaxar og klakfiskar, $N = 250$) eru sægrænir. Á mynd eru sýndar víddir PC1 og PC3. Greinilegur hópur fiska sést koma fyrir mitt á milli íslensk lax og eldislax. 9
- 4 mynd.** Efri myndin (a) sýnir samanburð á erfðahlutdeild (q -gildi) allra greindra laxa ($N = 6.598$) úr forritunum ADMIXTURE (34.700 SNP) og STRUCTURE (196 SNP) m.v. tvo erfðahópa ($K = 2$). Neðri myndin (b) sýnir sömu q -gildi úr STRUCTURE og á efri mynd nema borin saman við $P(wild)$ úr sama

forriti með 50 SNP, skv. aðferð Karlsson o.fl. (2014). Q -gildi og $P(wild)$ eru frá 0 til 1 þar sem 0 er eldislax með mestan aðskilnað frá villtum og 1 er villtur með mestan aðskilnað frá eldi.....	11
5 mynd. Erfðahlutdeild (q -gildi) allra laxaseiða ($N = 6.348$) úr ADMIXTURE- og STRUCTURE-greiningum. Q -gildum er raðað frá háum gildum til lágra. Myndin byggir á sömu gildum og 4. mynd. Q -gildi sem ekki haldast nálægt 0 eða 1 gefa til kynna mögulega erfðablöndun.....	12
6 mynd. Dreifing erfðablöndunar villts lax og eldislax (gömul og ný) í ám skv. greiningu í NewHybrids á öllum laxaseiðum (stutt niðurstöðum greininga annarra aðferða). Bláir punktar merkja að engin erfðablöndun greindist. Appelsínugulir punktar merkja að erfðablöndun greindist hjá einum eða fleiri fiskum. Appelsínugulir punktar með krossi eru sýni frá 2004	13
7 mynd. Dreifing fyrstu kynslóðar blendinga (F1-blendinga) villts lax og eldislax af norskum uppruna skv. greiningu í NewHybrids. Sýnin ná til hrygningarárganga 2012 og 2014-2019.....	14
8 mynd. Niðurstöður greininga úr NewHybrids á erfðablöndun villts lax og eldislax meðal seiða á Vestfjörðum úr sýnatökum árána 2018 (a-b) og 2019 (c-d). Á fyrri myndum beggja sýnatökuára (myndir a og c) sést hlutdeild villtra seiða (blár), blendinga (appelsínugulur) og eldisseiða (túrkisblár) auk fiska með óvissa greiningu (hvítur). Stærð svartra hringja tákna hlutfallslegan sýnafjölda. Á seinni myndum (b-d) er greint á milli F1-blendinga (rauður) og eldri blöndunar, þ.e. blendinga F1-blendinga og villtra (gulur). F2-blendingar greindust ekki í sýnunum en slíkur blendingur fannst í Botnsá í Tálknafirði í sýni sem tekið var 2016.....	15
9 mynd. Niðurstöður greininga úr NewHybrids á erfðablöndun villts lax og eldislax meðal seiða á Austfjörðum úr sýnatökum árána 2017 (a-b) og 2020 (c-d). Á fyrri myndum beggja sýnatökuára (myndir a og c) sést hlutdeild villtra seiða (blár), blendinga (appelsínugulur) og eldisseiða (túrkisblár) auk fiska með óvissa greiningu (hvítur). Stærð svartra hringja tákna hlutfallslegan sýnafjölda m.t.t. sýna á Vestfjörðum (þ.e. sýna á 8. mynd). Á seinni myndum (b-d) er greint á milli F1-blendinga (rauður) og eldri blöndunar, þ.e. blendinga F1-blendinga og villtra (gulur) og F2-blendinga (grænn).16	16

Viðaukaskrá

Viðauki 1a. Yfirlit yfir meginhluta sýna rannsóknarinnar. Fram kemur staðsetning sýnatöku (landsvæði, á og hnit), dagsetning, stærð sýnatökusvæða og fjöldi laxaseiða sem greind voru með 60.250 SNP-erfðamörkum	36
Viðauki 1b. Niðurstöður greiningar á erfðablöndun villts lax og eldislax fyrir seiði í viðauka 1a. Á hverri mynd eru niðurstöður fyrir eina á, skipt eftir ári sýnatöku ef við á. Myndir sýna niðurstöður greininga í STRUCTURE, ADMIXTURE og NewHybrids fyrir hvern fisk.....	40
Viðauki 2a. Yfirlit yfir öll sýni af laxaseiðum sem Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) hefur tekið á árabílinu 2015 til 2017 og greind hafa verið með SalSea-erfðamörkum (15 örtunglum). Sum seiðanna voru greind í þessari rannsókn.	53
Viðauki 2b. Niðurstöður greiningar á erfðablöndun villts lax og eldislax fyrir seiði í viðauka 2a. Á hverri mynd eru niðurstöður fyrir eina á. Þríhyrningar tákna erfðahlutdeild ($P(wild)$) fiska skv. aðferð Karlsson o.fl. (2014) með SalSea-erfðamörkum og gildum er raðað frá háum gildum til lágra. Niðurstöður þeirra fiska sem einnig voru erfðagreindir með SNP-erfðamörkum eru sýndar á myndum skv. lýsingu í viðauka 1b.....	56
Viðauki 3a. Yfirlit yfir sýni af laxaseiðum sem Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknastofnun) safnaði árið 2004 og greind hafa verið með SalSea-erfðamörkum (15 örtunglum). Sum seiðanna voru einnig greind með SNP-erfðamörkum í þessari rannsókn. Fram kemur staðsetning sýnatöku (landsvæði, á og hnit) og fjöldi fiska sem greind voru með SalSea- og SNP-erfðamörkum	63

Viðauki 3b. Niðurstöður greiningar á erfðablöndun villts lax og eldislax fyrir seiði í viðauka 3a. Á hverri mynd eru niðurstöður fyrir eina á. Þríhyrningar tákna erfðahlutdeild (q) fiska skv. STRUCTURE á SalSea-erfðamörkum og q -gildum er raðað frá háum gildum til lágra	64
Viðauki 4. Niðurstöður NewHybrids á flokkun seiða í villt, eldi, F1-blendinga, F2-blendinga, blendinga F1-blendinga X villtra og óvissuflokk.....	68
Viðauki 5. Samanburður á niðurstöðum greininga á erfðablöndun fiska úr STRUCTURE, þ.e. milli $P(wild)$ og q -gilda.	74

Inngangur

Framleiðsla á norskættuðum eldislaxi (*Salmo salar*) í sjókvíum hefur vaxið hratt á Íslandi á undanförunum árum og farið úr því að vera nánast engin árið 2010 upp í 43.000 tonn árið 2022. Á Íslandi er sjókvíaeldið, sem og hraður vöxtur greinarinnar, mörgum áhyggjuefni vegna margvíslegra umhverfisáhrifa sem geta fylgt starfseminni, t.d. neikvæðra áhrifa á villta laxastofna. Almennt geta umhverfisáhrif laxeldis í sjókvíum verið margbætt en þeir þættir sem snúa að villtum stofnum laxa og laxfiska eru helst erfðablöndun, útbreiðsla sjúkdóma og fjölgun laxalúsa í umhverfinu (Naylor o.fl. 2005; Svásand o.fl. 2016; Vitenskapelig råd for lakseforvaltning 2022).

Á Íslandi fer framleiðsla á laxi í sjó fram á Vestfjörðum (68% framleiðslunnar 2022) og Austfjörðum (32%) en víðast hvar annars staðar umhverfis landið er starfsemin óheimil til verndar íslenskum laxastofnum (Guðjónsson og Scarnecchia 2009) eða umhverfisaðstæður óhagstæðar. Sjókvíaeldi á eldislaxi af norskum uppruna hefur áður verið reynt á Íslandi. Stærsta tilraunin var gerð á Austfjörðum í upphafi aldarinnar og náði framleiðsla mest um 6.000 tonnum. Árið 2019 var *áhættumat erfðablöndunar* innleitt í lög sem ákveðið stjórnþæki á framleiðslumagni þar sem markmiðið er að *koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum* (Lög um fiskeldi nr. 71/2008 með síðari breytingum). Samkvæmt matinu er heimilt að framleiða 106.500 tonn á ári á Íslandi. Talið er að núverandi framleiðslugeta í sjókvíaeldi á laxi sé um helmingur þess eða um 50.000 tonn á ári (MAST 2022).

Rannsóknir sýna að íslenskir laxastofnar eru erfðafræðilega frábrugðnir öðrum stofnum Atlantshafslax á útbreiðslusvæði hans og mynda sérstaka þróunarlínu (Daníelsdóttir o.fl. 1997; King o.fl. 2001; Verspoor o.fl. 2005; Ozerov o.fl. 2013; Rougemont og Bernatchez 2018). Mismunandi þróunarlínur má finna hjá villtum laxi í Evrópu og endurspegla þær aðskilnað fyrir eða um lok síðustu ísaldar (Finnegan o.fl. 2013).

Almennt er talið að villtir laxastofnar séu aðlagðir að umhverfisaðstæðum landsvæða/sjávar og jafnvel staðbundnum aðstæðum í ám (Garcia de Leaniz o.fl. 2007; Fraser o.fl. 2011; O'Toole o.fl. 2015; Kjærner-Semb o.fl. 2016; Lehnert o.fl. 2020). Á hinn bóginn má segja að eldislaxar séu aðlagðir að eldisaðstæðum en eldisumhverfið og kynbætur leiða til breytinga á erfðasamsetningu þeirra (Waples 1999; Garcia de Leaniz o.fl. 2007; Jonsson og Jonsson 2011). Erfðamunurinn endurspeglast í þáttum sem snúa að atferli, svipfari og lífeðlisfræðilegum ferlum (Jonsson og Jonsson 2011). Að auki getur erfðamunur endurspeglað eldri þróunarfræðilegan mun foreldrastofna eldislaxa og villtra laxa, t.d. á Íslandi og í Skotlandi þar sem alinn er lax af norskum uppruna (Guðjónsson og Scarnecchia 2009; Gilbey o.fl. 2021; Bradbury o.fl. 2022).

Langt er síðan varað var við mögulegum skaðlegum áhrifum erfðablöndunar laxfiska af eldisuppruna og villtra stofna (Behnke 1972; Maitland 1986; Hindar o.fl. 1991). Rannsóknir hafa síðan sýnt að þrátt fyrir minni æxlunarárangur fullorðinna eldislaxa og vals gegn blendingum í náttúrunni hefur erfðablöndun við eldislax breytt erfðasamsetningu margra villtra laxastofna (Fleming o.fl. 1996; Skaala o.fl. 2006, 2019; Glover o.fl. 2012, 2013; Wacker o.fl. 2021). Enn fremur að erfðablöndun hefur valdið breytingum á lífssögu og hæfnispáttum og þannig getað leitt til hnignunar stofna (Fleming o.fl. 2000; McGinnity o.fl. 2003; Bourret o.fl. 2011; Bolstad o.fl. 2017; 2021; Besnier o.fl. 2022). Erfðablöndun hefur greinst í þeim löndum þar sem sjókvíaelði á laxi er stundað á útbreiðslusvæði lax og þar sem það hefur verið kannað. Þannig hefur hún greinst í mörgum ám í Noregi, Skotlandi og Kanada (Wringe o.fl. 2018; Diserud o.fl. 2020; Gilbey o.fl. 2021). Umfang erfðablöndunar virðist aðallega háð framleiðslumagni, fjarlægð frá eldi og hlutfall strokulaxa í stofnum (Karlsson o.fl. 2016; Keyser o.fl. 2018; Diserud o.fl. 2022).

Á Íslandi fundust árið 2017 vísbendingar um erfðablöndun á Vestfjörðum (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017a). Í þeirri rannsókn voru um 700 laxaseiði rannsökuð með 15 örtunglum (e. microsatellites). Niðurstöðurnar voru ekki alltaf afgerandi og ekki hægt að greina á milli fyrstu kynslóðar blendinga og eldri blöndunar enda ekki nægilegur erfðamunur milli hópa m.t.t. fjölda greindra örtungla (Vähä og Primmer 2006). Því hefur verið þörf á öflugri aðferðum til greiningar á erfðablöndun. Í þessari rannsókn voru 6.348 laxaseiði rannsökuð úr 89 ám með 60.250 SNP-erfðamörkum og áhersla lögð á svæði í nálægð við sjókvíaelði. Til samanburðar voru erfðaupplýsingar 250 eldislaxa nýttar við greiningar. Flest sýni tilheyrðu hrygningarárgöngum 2014-2018 þegar framleiðsla á eldislaxi var um 6.900 tonn að meðaltali.


Framkvæmd

Sýni og erfðagreining

Á undanförunum árum hefur Hafransóknastofnun safnað erfðasýnum úr laxaseiðum úr ám hringinn í kringum landið (verklagi við sýnatöku t.d. lýst í Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017a). Tilgangurinn með sýnatökunni hefur verið að greina mögulega erfðablöndun og kortleggja erfðasamsetningu og stofngerð laxastofna. Áhersla hefur verið lögð á söfnun sýna úr ám nærri eldissvæðum, þar sem meiri hættu er á erfðablöndun, en einnig fjærri eldissvæðum til að meta mögulega útbreiðslu erfðablöndunar.

Sýni af eldissvæðum sem greind voru með SNP-erfðamörkum í þessari rannsókn eru að mestu úr leiðöngurum sem farnir voru 2018 og 2019 á Vestfirði og 2017 og 2020 á Austfirði. Árið 2020 var auk sýnasöfnunar á Austfjörðum safnað úr ám víða um landið og voru þau sýni greind í rannsókninni fyrir utan 384 fiska úr ám á Norðausturlandi og Suðurlandi. Erfðagreining þeirra

sýna mistókst vegna bilunar í tækjabúnaði en verður endurtekin síðar. Af Suðvestur- og Vesturlandi voru 751 sýni úr sjö ám send í erfðagreiningu, af Vestfjörðum voru sýnin 4.220 úr 39 ám, 598 sýni úr sjö ám af Norðvestur- og Norðurlandi, 602 sýni úr 13 ám af Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi og loks 225 sýni úr átta ám af Suðurlandi. Almennt var safnað úr mismunandi árgöngum á hverri sýnatökustöð, venjulega úr þremur til fimm. Sýnin tilheyra því hrygningarárgöngum 2012-2019 en yfirleitt eru eldri árgangar færri í sýnum, þ.e. 3-5⁺ seiði. Ef einnig er horft til þess að 0⁺ seiði eru minna dreifð innan áa en eldri árgangar (og því meiri hættu á söfnun systkinahópa) ásamt því að sýnataka fer fram á afmörkuðum svæðum, má draga þá ályktun að hrygningarárgöngum 2014-2018 sé best lýst í verkefninu. Á þeim árum var framleiðsla á eldislaxi í sjókvímum 2.500 til 12.200 tonn, 6.900 tonn að meðaltali (1. mynd). Í viðauka 1a við skýrsluna er yfirlit yfir fjölda erfðagreindra sýna og sýnatökustaði.




1. mynd. Árlegt framleiðslumagn (í tonnum) á eldislaxi af norskum uppruna úr sjókvímum við Ísland skipt eftir framleiðslusvæðum. Kassi með brotalínum er dreginn utan um það tímabil sem sýni verkefnisins taka helst til og lóðrétt punktalína sýnir yngsta hrygningarárganginn sem sýni voru tekin af. Lárétt strikaalína efst á mynd sýnir leyfilegt framleiðslumagn skv. endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar 2020 (106.500 tonn).

Figure 1. Yearly production volume (in tons) of farmed salmon of Norwegian origin from sea cages in Iceland by production areas. A box is drawn around the period best described by the project's samples, and a vertical dotted line displays the youngest spawning cohort collected. The horizontal dashed line at the top of the figure shows the permitted production volume according to the revised risk assessment of genetic mixing 2020 (106,500 tons).

Til viðbótar voru 175 sýni frá 2015-2017, úr tveimur ám af Vesturlandi og 25 ám af Vestfjörðum, send til greiningar. Þau höfðu, ásamt ofangreindum sýnum af Austfjörðum 2017, áður verið erfðagreind með 15 örtunglum (SalSea-erfðamörk (Ellis o.fl. 2011); alls 2.463 fiskar) og sumar niðurstöður greininganna áður birst í skýrslu (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017a, 2018a). Sýni frá þeim árum voru valin á grunni vísbendinga um mögulega erfðablöndun (ekki tæmandi úttekt), byggða á greiningu SalSea-erfðamarka, eða voru valin til þess að styrkja gagnagrunn erfðaupplýsinga um íslenska laxastofna. Í nokkrum tilvikum voru fyrirbyggjandi erfðaupplýsingar notaðar til að greina og eyða systkinahópum úr sýnum áður en þau voru send til greiningar með SNP. Í viðauka 2a er yfirlit yfir þessi tilteknu sýni og sýnatökustaði. Í viðaukanum má einnig finna yfirlit yfir öll sýni Hafrannsóknastofnunar sem greind hafa verið með SalSea-erfðamörkum á þessu árabili. Þess má geta að sýni frá 2017 eru síðustu sýnin sem erfðagreind voru með SalSea-erfðamörkum í þeim tilgangi að greina erfðablöndun.

Loks voru 43 sýni frá árinu 2004 send til greiningar en þau voru úr 14 ám hringinn í kringum landið. Sýnin tilheyra stærra sýnasafni ($N = 2.203$) vegna doktorsverkefnis Kristins Ólafssonar um stofngerð lax á Íslandi og höfðu áður verið greind með SalSea-erfðamörkum. Sýnin voru tekin fljótlega eftir að sjókvíaelði á norskum laxi hófst fyrir alvöru á Íslandi og því fyrirfram talin án erfðablöndunar vegna strokulaxa úr kvíum að mestu eða öllu leyti. Skoðun á SalSea-erfðagögnum þessara sýna bentu til erfðablöndunar í sumum tilvikum. Nokkur slík tilvik voru send til frekari greiningar með SNP-erfðamörkum ásamt nokkrum sýnum þar sem enginn grunur var um erfðablöndun. Líta má á SNP-greiningu fiskanna frá 2004 sem ákveðna forkönnun en óvissa var um gæði þeirra erfðasýna vegna aldurs. Í viðauka 3a er yfirlit yfir sýnin frá 2004 og hversu mörg hafa verið greind með SalSea- og SNP-erfðamörkum. Að auki eru niðurstöður greininga á erfðablöndun allra fiska sem Hafrannsóknastofnun hefur látið greina með SalSea-erfðamörkum að finna í viðaukum 2b og 3b. Ekki verður fjallað um þær niðurstöður sérstaklega í þessari rannsókn nema minnst á ákveðin dæmi í umræðum.

Samantekið fyrir öll ár voru 6.998 seiði úr 89 ám send í SNP-greiningu, sýnatökustöðvar/sýnatökur voru a.m.k. 263 og rafveiðisvæði samanlagt $>50.000 \text{ m}^2$.



2. mynd. Staðsetning 89 áa og ártal sýnatöku 6.614 erfðasýna af laxaseiðum. Gráir þríhyrningar gefa til kynna að yfirleitt voru fáir fiskar valdir á grunni vísbendinga um mögulega erfðablöndun (greining örtungla) eða til að styrkja gagnagrunn erfðaupplýsinga villtra laxa (N = 218). Að baki sýnatöku úr hverri á geta verið ein eða fleiri sýnatökustöðvar, allt upp í átta. Sjá nánari upplýsingar um sýni í viðaukum 1a, 2a og 3a.

Figure 2. Location of 89 rivers and sampling year of 6,614 genetic samples of salmon juveniles. Gray triangles indicate few fish selected on the basis of evidence of possible hybridization (microsatellite analysis) or to strengthen the database of genetic information of wild salmon (N = 218). Each river was sampled at one or more locations, up to eight. More sampling information is shown in appendices 1a, 2a and 3a.

Viðmiðunarsýni af 193 norskum eldislögum, sem þegar höfðu verið erfðagreindir með sömu SNP-erfðamörkum og í þessari rannsókn, var nýtt fyrir verkefnið. Fiskarnir voru undaneldislaxar hjá Stofnfiski (nú Benchmark Genetics Iceland) af hrygningarárgöngum 2014-2017. Að auki voru sýni úr 69 strokulögum send til greiningar en þeir bárust Hafrannsóknastofnun (og áður Veiðimálastofnun) á árabílinu 2014-2020.

Erfðaefni var einangrað úr lífsýnum hjá fyrirtækinu BioBank AS í Noregi og þynnt í réttan styrkleika. Því næst var erfðagreining með 60.250 SNP-erfðamörkum (Affymetrix SNP array) framkvæmd hjá norska fyrirtækinu CIGENE. Fyrirtækið gæðaprófaði hvert SNP-erfðamark og flokkaði í sex mismunandi hópa eftir eiginleikum og gæðum greininga (Thermo Fisher 2023). Sýni af lögum voru greind í tveimur lotum (e. batches), u.þ.b. helmingur fiska í senn, eða í þremur lotum ef viðmiðunarsýnin frá Stofnfiski eru talin með.

Gagnameðhöndlun

SNP-erfðagögn voru umbreytt úr 012 formatti í ATGC PLINK formatt (.ped og .map) í forritinu snptranslate sem aðgengilegt er á vefslóðinni <https://github.com/haraldgrove/snptranslate>. Gagnasöfnin þrjú voru sameinuð að undangenginni hreinsun sem einkum fól í sér brottfalli tiltekinna SNP flokka og SNP sem ekki voru erfðagreindir með sambærilegum hætti milli lota (e. batch effect). Nánar tiltekið, SNP flokkarnir „MonoHighResolution“, „OTV“, „CallRateBelowThreshold“ og „Other“ voru fjarlægðir skv. ráðleggingum CIGENE og „PolyHighResolution“ og „NoMinorHom“ haldið eftir (flokkar útskýrðir í Thermo Fisher 2023). Auk þess voru SNP án upplýsinga um staðsetningu í erfðamengi fjarlægðir. Tekin voru frá 159 SNP-erfðamörk á hvatberalitningi (e. mitochondrial chromosome) og ekki notuð í eiginlegri greiningu á erfðablöndun þar sem litningurinn er einlitna og erfist eingöngu frá móður. Þeir voru hins vegar nýttir í öðrum tilgangi, sjá neðar.

Ósamræmi eða villur í ákvörðun samsæta milli lota eða gagnasafna (e. scoring error), þ.e. ósamræmi í því hvort samsæta var skilgreind sem algengari (e. major allele) eða fágætari (e. minor allele), var kannað með greiningu á erfðajafnvægi (e. Hardy-Weinberg equilibrium) og erfðamun einstakra SNP meðal fiska sem tilheyrðu sömu stofnum en greindir í mismunandi lotum (UK BioBank 2015; Pritchard o.fl. 2016). Þau SNP-erfðamörk sem sýndu merki um ósamræmi voru flokkuð frá. Erfðajafnvægi var reiknað í PLINK v. 1.9 (Chang et al., 2015) með skipuninni `-hwe 0.0001` og erfðamunur (e. genotypic differentiation; $p < 0.0001$) í GENEPOP v. 4.7.5 í R (Raymond og Rousset 1995; Rousset 2008). Að því loknu voru SNP með $>10\%$ eyðum og með $<1\%$ tíðni fágætari samsæta eytt í PLINK með skipununum `-geno 0.1` og `-maf 0.01`; fyrst fyrir Stofnfisk sýnið og síðan fyrir öll sýnin saman. Að lokum voru SNP í tengslaójafnvægi (e. linkage disequilibrium) fjarlægð úr heildargögnum með skipuninni `-indep-pairwise 50 5 0.5` í PLINK. CIGENE var þegar búið að taka út fiska með $>10\%$ eyðum í gögnum og voru þeir fiskar ekki hafðir með í greiningum.

Greining á erfðablöndun

Greining á erfðablöndun var framkvæmd með nokkrum mismunandi aðferðum. Fyrst voru heildargögn (að lokinni hreinsun) skoðuð með fjölþáttagreiningu (PCA) í PLINK. Öll seiði úr ám, ásamt strokulöxum og eldislöxum úr eldisstöð, voru greind saman. Því næst var forritið ADMIXTURE (Alexander o.fl. 2009) notað á sömu gögn til greingar á uppruna eða erfðahlutdeildar (e. admixture proportions), þ.e. hvort fiskar séu af íslenskum og/eða af norskum uppruna og að hve miklu leyti. ADMIXTURE, sem er sérsniðið að greiningu stórra SNP gagnasafna, byggir á aðferð sennilegustu gilda (e. maximum likelihood) og metur erfðahlutdeild hvers einstaklings (q -gildi á bilinu núll til einn) til erfðahópa (K). Notast var við

sjálfgefnar stillingar, tvo erfðahópa í gögnum ($K = 2$) og engar fyrirfram upplýsingar um uppruna fiska veittar. Stofnar af Suðurlandi voru greindir sér þar sem þeir eru talsvert frábrugðnir öðrum stofnum á Íslandi (Ólafsson o.fl. 2014) en flokkun þeirra sýna styrktist við þá tilhögun (sjá einnig Karlsson o.fl. 2016).

Að lokinni greiningu í ADMIXTURE var gagnasafnið smættað og 196 SNP valdir sem sýndu mestan aðskilnað milli íslenskra laxa og eldislaxa af norskum uppruna. SNP voru valdir á grundvelli F_{ST} -gilda sem reiknuð voru í PLINK milli seiða af íslenskum uppruna (fiskar með $q \geq 0,90$ úr ADMIXTURE-greiningunni) og eldislaxa (bæði strokulaxa og laxa úr eldisstöð). Í þeim greiningum var Suðurlandi haldið sér líkt og að ofan er greint frá. Smættað gagnasafn var greint í forritunum STRUCTURE v. 2.3.4 (Pritchard o.fl. 2000; Falush o.fl. 2003) og NewHybrids (Anderson og Thompson 2002). Líkt og ADMIXTURE greinir STRUCTURE erfðahlutdeild hvers einstaklings (q -gildi á bilinu núll til einn) til erfðahópa (K), auk 90% líkindamarka (e. probability limits), en greining byggir á Bayesískri tölfræði og Markov chain Monte Carlo (MCMC)-hermun. Í greiningunni voru engar fyrirfram upplýsingar um uppruna fiska veittar og eftirfarandi stillingar notaðar: *Admixture model, allele frequencies correlated among pops*. Sérfræðingar NINA (Norsk institutt for naturforskning) greindu erfðahlutdeild sömu fiska í STRUCTURE með annarri nálgun. Úr hreinsuðum heildargögnum voru 50 SNP valdir, sem sýndu mestan aðskilnað milli eldislaxa og villtra laxa, og erfðahlutdeild eða $P(\text{wild})$ reiknað skv. forskrift sem lýst er í Karlsson o.fl. (2014; 2016). Í einfaldri mynd er $P(\text{wild})$ það sama og q -gildi en nálgunin er ólík að því leyti að hver fiskur er greindur sérstaklega og viðmiðunarsýnin (eldislax og villtur lax) eru búin til með hermun (e. simulation).

Forritið NewHybrids, sem einnig byggir á Bayesískri tölfræði og MCMC-hermun, var notað til að flokka seiði í sex mismunandi hópa eftir uppruna. Nánar tiltekið, forritið metur líkur (e. posterior probability) á því hvort fiskur tilheyrir öðrum af tveimur foreldrahópum (villtur lax eða eldislax), fyrstu kynslóðar blendingum (F1; afkvæmi villtra laxa og eldislaxa), annarra kynslóða blendingum (F2; afkvæmi tveggja F1-blendinga) og að lokum hópa blendinga þar sem F1-blendingar bakæxlast annað hvort við villta laxa eða eldislaxa, þ.e. F1-blendingur X villtur lax eða F1-blendingur X eldislax. Bæði STRUCTURE (q -gildi og $P(\text{wild})$) og NewHybrids voru keyrð án upplýsinga um uppruna fiska og notast var við 100.000 MCMC og 50.000 greiningarkeyrslur (burn-in).

Greining á fjölda og kyn strokulaxa sem lögðu til hrygningar

Fjöldi foreldra af eldisuppruna þeirra fiska sem greindir voru sem fyrstu kynslóðar blendingar eða eldisseiði var metinn. Var það gert með forritinu COLONY v. 2.0.6.8 (Wang 2004; 2018) sem með aðferð sennilegustu gilda greinir samhliða systkina- og foreldratengsl fiska. Allir F1-

blendingar og eldisseiði (veidd í ám) voru greind saman með 4.681 SNP-erfðamörkum. Í greiningunni var gert ráð fyrir fjölkvæni (e. polygamy) hjá báðum kynjum, *Full-Likelihood (FL) method, medium precision* og *medium run*. Þar sem aldur fyrstu kynslóðar blendinga og eldisseiða hafði verið greindur eða áætlaður var unnt að meta hvenær eldislaxar hrygndu í ám og bera saman fjölda þeirra við þann fjölda sem Hafrannsóknastofnun hafði áður staðfest fyrir tiltekin ár með greiningu á strokulöxum.

Að lokum var greint kyn foreldra fyrstu kynslóðar blendinga (F1-blendinga). Var það gert með skoðun á 159 SNP á hvatberalitningi, sem líkt og áður segir erfist í móðurlegg. Fyrst var breytileiki setraða (e. haplotype) kannaður og hvort munur væri á milli íslenskra laxa og eldislaxa. Þær upplýsingar voru síðan notaðar til greiningar á uppruna mæðra fyrstu kynslóðar blendinga. Þar sem breytileiki innan setraða getur ráðist af fáum og jafnvel einni stökkbreytingu eru gögnin viðkvæm fyrir mögulegum villum í ákvörðun samsæta milli lota (sjá ofar). Af þeim sökum var greining takmörkuð við strokulaxa ($N = 30$), F1-blendinga og villta laxa (með $q \geq 0,95$ úr STRUCTURE) úr sömu lotu (hér var aðeins notast við fiska með öll gögn). Greiningu var skipt eftir landshlutum og viðmiðunarsýni af villtum löxum voru 472 af Vestfjörðum og Norðvesturlandi og 186 af Austurlandi.

Niðurstöður


Erfðagreining með allt að 60.250 SNP erfðamörkum tókst hjá 6.405 af 7.067 fiskum. Fyrir var búið að nefna að erfðagreining 384 fiska mistókst vegna bilunar í tækjabúnaði hjá CIGENE. Af hinum 278 fiskum sem ekki tókst að erfðagreina voru 110 sem ekki náðist erfðaefni úr (a.m.k. ekki í nægum styrkleika) og 168 fiskar voru með >10% eyður í gögnum; 266 seiði úr ám og 12 strokulaxar. Fiskar sem ekki tókst að erfðagreina komu úr mörgum ám en flestir úr Kaldeyrará í Tálknafirði, 18 talsins af 19 sem sendir voru til greiningar. Fyrirfram var vitað að gæði þeirra sýna gætu verið léleg vegna meðhöndlunar í annarri rannsókn. Erfðagreining tókst hjá öllum 43 fiskunum frá 2004. Heildarfjöldi fiska sem nýttur var til greiningar á erfðablöndun var 6.598, 6.348 seiði úr ám og 250 eldislaxar (193 eldislaxar úr klakfiskeldi og 57 strokulaxar). Í viðaukum 1a, 2a og 3a er gefinn upp fjöldi erfðagreindra fiska eftir ám, árum og sýnatökustöðvum.

Af 60.250 SNP tilheyrðu 5.917 flokkum sem voru fjarlægðir, 388 SNP voru fjarlægðir vegna ósamræmis í erfðagreiningu milli lota eða gagnasafna og 3.810 vegna eyða í gögnum eða lítils breytileika. Eftir hreinsun á tengslaójafnvægi í gögnum voru eftir 34.700 SNP sem notaðir voru til áframhaldandi greininga.

Erfðamunur (F_{ST}) milli íslenskra laxa og eldislaxa af norskum uppruna var að meðaltali 0,16 (m.v. fiska utan Suðurlands) og 0,12 (m.v. fiska á Suðurlandi) fyrir 34.700 SNP. Erfðamunur

þeirra 196 SNP sem sýndu mestan aðskilnað var hins vegar 0,60 (m.v. fiska utan Suðurlands) og 0,64 (m.v. fiska á Suðurlandi) að meðaltali og 67 SNP voru sameiginlegir í báðum gagnasöfnum. SNP-erfðamörkin 196 dreifðust um alla 29 litninga lax í gagnasafni fiska á Suðurlandi (1-16 SNP per litning) en 28 litninga fiska utan Suðurlands (2-19 SNP per litning).

Fjölpáttagreininga (PCA) á öllum fiskum með 34.700 SNP sýndi erfðablöndun milli íslensks lax og eldislax af norskum uppruna (3. mynd). Fyrsta víddin (PC1) útskýrði stærstan hluta breytileikans í gögnunum eða 38,4% og aðgreindi íslenska laxa og eldislaxa. Á 3. mynd sést að villtir laxar (seiði) lenda vinstra megin á myndinni, eldislaxar hægra megin og blendingar mitt á milli. Á myndinni sést að nokkur fjöldi seiða lendar milli blendinganna á miðri mynd og megin hópi íslenskra laxa en það er vísbending um eldri erfðablöndun. Að sama skapi er nokkur fjöldi eldislaxa (bæði klaklaxa og strokulaxa) sem greinast frá megin hópi eldislaxa og leita í átt að miðjunni sem bendir til að hluti eldislaxa sé ekki af hreinum norskum uppruna. Meðal eldislaxa má sjá seiði af eldisuppruna, þ.e. afkvæmi eldishænga og eldishrygna sem tímgast hafa í ám.



3. mynd. Niðurstöður fjölpáttagreiningar (PCA) á öllum lögum verkefnisins sem greind voru með 34.700 SNP. Seiði úr ám (N = 6.348) eru pastel rauð og eldislaxar af norskum uppruna (fullorðnir strokulaxar og klakfiskar, N = 250) eru sægrænir. Á mynd eru sýndar víddir PC1 og PC3. Greinilegur hópur fiska sést koma fyrir mitt á milli íslensk lax og eldislax.

Figure 3. Principal component analysis (PCA) on all salmon samples analyzed with 34,700 SNPs. Salmon juveniles collected in rivers (N = 6,348) are colored pastel red, while farmed salmon (adult escapees and broodfish, N = 250) are turquoise. The figure shows the dimensions of PC1 and PC3. A clear cluster of individuals appear half way between the wild Icelandic salmon and the farmed salmon.


Víddir PC2 og PC3 útskýrðu um 6-7% breytileikans hvor um sig en vídd PC3 er sýnd á mynd þar sem hún lýsti betur þeirri megin skiptingu sem greina má milli laxastofna á Íslandi (Ólafsson o.fl. 2014). Þannig eru stofnar af Suðurlandi á bilinu -0,06 til -0,04, stofnar í Borgarfirði á bilinu -0,04 til -0,02 og aðrir stofnar á landinu þar fyrir ofan á mynd.

Greining á erfðahlutdeild (q -gildi) seiða í ADMIXTURE með 34.700 SNP og STRUCTURE með 196 SNP gaf sambærilegar niðurstöður (4a. mynd). Munur á q -gildum sömu fiska miðað við skiptingu gagna í tvo erfðahópa ($K = 2$) var að meðaltali 0,014 ($\pm 0,018$ SD) milli aðferða og fylgni $R^2 = 0,993$ sem er í samræmi við könnun höfunda ADMIXTURE (Alexander o.fl. 2009). Samanburður q -gilda og $P(\text{wild})$ úr STRUCTURE sýndi einnig sambærilegar niðurstöður (4b. mynd). Munur á gildum var að meðaltali 0,009 ($\pm 0,023$) og fylgni $R^2 = 0,987$.

Greiningarnar í ADMIXTURE og STRUCTURE sýndu svipaða mynd og fjölþáttagreiningin, þ.e. skiptingu fiska í tvo megin hópa (íslenska laxa og eldislaxa) og blendinga þar á milli. Hrein eldisseiði greindust og merki um eldri blöndun eldislaxa og villtra laxa fundust í hópi seiða úr ám og í eldisstofninum. Almennt var aðgreining íslenskra laxa frá eldislöxum góð en um 94% seiða var með $q \geq 0,90$ með báðum aðferðum og mörg seiði voru með q -gildi á bilinu 0,95-1,00 eða 89,4% með ADMIXTURE og 91,3% með STRUCTURE (5. mynd).


Alls voru 30 seiði (0,5% seiðagagna) með $q < 0,20$ í báðum greiningum og féllu innan dreifingar q -gilda þekktra eldislaxa (4ab. mynd). Önnur seiði greindust með q -gildi þar á milli sem bendir til erfðablöndunar; um 3% seiða (197 seiði með ADMIXTURE en 181 með STRUCTURE) voru á bilinu 0,71-0,89 og 2,3% (143 seiði með ADMIXTURE en 148 með STRUCTURE) á bilinu 0,40-0,70.

Flokkun seiða með forritinu NewHybrids í foreldrahóp (villtur lax eða eldislax) eða einn af fjórum blendingshópum var yfirleitt með háar líkur. Af seiðum flokkuðust 6.274 (98,8% seiðagagna) í tiltekinn hóp með 100% líkum. Því var miðað við hátt þröskuldsgildi fyrir flokkun og taldist fiskur tilheyra ákveðnum hópi ef líkur voru $\geq 95\%$. Af 6.346 seiðum flokkuðust 5.999 (94,5% seiðagagna) sem villt, 29 seiði (0,5%) sem eldislax (báðir foreldrar úr eldi), 133 seiði (2,1%) sem F1-blendingar, fimm seiði sem F2-blendingar (blendingar tveggja F1-blendinga) og 136 seiði (2,1%) sem bakæxlaðir F1-blendingar við villta laxa, þ.e. afkvæmi F1-blendinga og villtra laxa. Engin seiði flokkuðust í hóp bakæxlaðra F1-blendinga við eldislaxa. Sá fiskur sem var með mestar líkur á flokkun í þann hóp var með 9% líkur en hjá þeim fiski voru 91% líkur á flokkun til eldis sem var sambærilegt og sást hjá sumum þekktum eldislöxum. Hann var því álitinn af hreinum eldisuppruna.



4 mynd. Efri myndin (a) sýnir samanburð á erfðahlutdeild (q -gildi) allra greindra laxa ($N = 6.598$) úr forritunum ADMIXTURE (34.700 SNP) og STRUCTURE (196 SNP) m.v. tvo erfðahópa ($K = 2$). Neðri myndin (b) sýnir sömu q -gildi úr STRUCTURE og á efri mynd nema borin saman við $P(\text{wild})$ úr sama forriti með 50 SNP, skv. aðferð Karlsson o.fl. (2014). Q -gildi og $P(\text{wild})$ eru frá 0 til 1 þar sem 0 er eldislax með mestan aðskilnað frá villtum og 1 er villtur með mestan aðskilnað frá eldi. Q -gildi og $P(\text{wild})$ sem ekki haldast nálægt 0 eða 1 gefa til kynna mögulega erfðablöndun. Seiði úr ám eru pastel rauð og eldislaxar af norskum uppruna sægrænir.

Figure 4. The figure above (a) shows comparison of admixture proportions (q -value) of all analyzed salmon ($N = 6,598$) from the softwares ADMIXTURE (34,700 SNPs) and STRUCTURE (196 SNPs) assuming two genetic groups ($K = 2$). The figure below (b) shows the same q -values from STRUCTURE compared with $P(\text{wild})$ from the same software with 50 SNPs, according to the method of Karlsson et al. (2014). Q -values range from 0 to 1, where 0 is farmed salmon with the greatest separation from wild and 1 is wild with the greatest separation from farmed. Q -values that deviate from 0 and 1 values suggest possible admixture. Salmon juveniles collected in rivers are pastel red colored and farmed salmon are turquoise.




5 mynd. Erfðahlutdeild (q -gildi) allra laxaseiða ($N = 6.348$) úr ADMIXTURE- og STRUCTURE-greiningum. Q -gildum er raðað frá háum gildum til lágra. Myndin byggir á sömu gildum og 4. mynd. Q -gildi sem ekki haldast nálægt 0 eða 1 gefa til kynna mögulega erfðablöndun.

Figure 5. Admixture proportions (q -value) of all salmon juveniles ($N = 6,348$) from ADMIXTURE- and STRUCTURE-analysis. Q -values are sorted from high values to low. The plot is based on the same values as Figure 4. Q -values that deviate from 0 and 1 values suggest possible admixture.

Af öðrum fiskum sem ekki náðu 95% þröskuldsgildi voru 22 seiði með >50% líkur á flokkun sem villtur lax, tvö seiði með >50% líkur á flokkun til F1-blendinga og 21 seiði með >50% líkur á flokkun til bakæxlaðra F1-blendinga við villta laxa; samtals 45 seiði með óvissa flokkun skv. viðmiði eða 0,7% seiðagagna.

Ef niðurstöður flokkunar í NewHybrids eru bornar saman við q -gildi STRUCTURE-greininga sést að þeir fiskar sem flokkast sem villtir voru allir með $q \geq 0,89$ utan þriggja fiska með 0,88. Bakæxluð seiði F1-blendinga og villtra laxa voru á bilinu 0,65-0,88, F1-blendingar á bilinu 0,42-0,59, F2-blendingar á bilinu 0,41-0,62 og hrein eldisseiði með $q \leq 0,07$. Seiði með óvissa flokkun í NewHybrids skv. viðmiði voru yfirleitt á bilinu 0,87-0,89 (41 af 46 seiðum), eitt seiði með 0,90 en önnur með lægri gildi.

Þegar litið er til landfræðilegrar dreifingar erfðablöndunar skv. NewHybrids sést að hún fyrirfinnst bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum en einnig í öðrum landshlutum (6. Mynd).




6 mynd. Dreifing erfðablöndunar villts lax og eldislax (gömul og ný) í ám skv. greiningu í NewHybrids á öllum laxaseiðum (stutt niðurstöðum greininga annarra aðferða). Bláir punktar merkja að engin erfðablöndun greindist. Appelsínugulir punktar merkja að erfðablöndun greindist hjá einum eða fleiri fiskum. Appelsínugulir punktar með krossi eru sýni frá 2004. Frekari upplýsingar um sýni og niðurstöður má finna í viðaukum 1-5.

Figure 6. Distribution of wild-farmed hybridization (old and new) according to NewHybrids analysis on all salmon juveniles (supported by results of other methods). Blue dots mean that no hybridization was detected. Orange dots indicate that hybridization was detected in one or more fish. Orange dots with a cross are samples from 2004. More information about the samples and results can be found in appendices 1-5.


Af 133 F1-blendingum greindust flestir á Vestfjörðum, 118 talsins í 10 ám, en 10 greindust á Austfjörðum í fjórum ám. Í öðrum landshlutum fundust þrír F1-blendingar í Krossá á Skarðsströnd (Vesturland) og einn í Víðidalsá í V-Húnavatnssýslu (Norðvesturland) (7. Mynd). Af 136 eldri blendingum, n.t.t. blendingum F1-blendinga og villtra, greindust 44 í 13 ám á Vestfjörðum og 85 í átta ám á Austfjörðum. Flestir blendingar F1-blendinga og villtra greindust í Breiðdalsá (71 af 228 greindum fiskum) og var hlutfall þeirra 40% árið 2017 og 24% árið 2020. NewHybrids greindi einnig slíka blöndun í Hvolsá á Skarðsströnd (Vesturland), í Laxá í Aðaldal og í Hofsá í Vopnafirði (Norðausturland) en í litlu mæli. F2-blendingar greindust í Botnsá í Tálknafirði (Vestfirðir), í Fjarðaránum í Borgarfirði eystra og Mjóafirði, í Breiðdalsá og Berufjarðará (Austfirðir). F2-blendingar voru fimm talsins og greindust aðeins í sýnum frá 2016 og 2017. Af 43 sýnum frá 2004 greindist einn F1-blendingur í Soginu, einn blendingur F1-blendinga og villts greindist í Ölfusá (báðar á Suðurlandi) og einn samskonar blendingur greindist í Svalbarðsá (Norðausturland). Myndir 8 og 9 sýna niðurstöður greininga NewHybrids fyrir sýnatökur árána 2018 og 2019 á Vestfjörðum og 2017 og 2020 á Austfjörðum. Í viðaukum 1b, 2b og 3b má sjá niðurstöður greininga á erfðablöndun með STRUCTURE, ADMIXTURE og NewHybrids fyrir hverja á.

Systkinagreining í COLONY á 162 seiðum (132 fyrstu kynslóðar blendingum (blendingur í Soginu frá 2004 undanskilinn) og 30 eldisseiðum) sýndi að 132 fiskar tilheyrðu hópum alsystkina (2-26 fiskar í hóp) og hóparnir voru 21 talsins. Fiskarnir sem greindust sem alsystkini tilheyrðu alltaf sömu á, þ.e. engin systkini greindust milli áa (á einnig við um hálf-systkini). Almennt var góð samsvörun milli skiptingu seiða í systkinahópa og aldurs seiða, þ.e. systkini skiptust sannfærandi eftir árgöngum. Undantekning frá því fannst í Botnsá þar sem í fjögurra seiða systkinahópi mældist eitt seiði 7,0 cm og annað 10,1 cm meðan hin tvö voru 8,6-8,8 cm. Stærsti hópur alsystkina veiddist í Mjólka þar sem öll 26 eldisseiðin voru undan sömu foreldrum. Aðrir stórir systkinahópar greindust í Hraundalsá (21 blendingar), Sunndalsá (11 og 13 blendingar) og í Botnsá (11 blendingar). Í einni á var veitt úr sömu systkinahópum blendinga í sýnatökum aðskildum í tíma. Það var í Sunndalsá þar sem veiddust systkini (al- og hálf-systkini) úr sömu tveimur hópunum árið 2018 og 2019. Árið 2018 voru seiði í öðrum hópnum 3,0 cm ($N=2$) og 6,1 cm ($N=17$) að meðaltali ári síðar. Í hinu tilvikinu voru seiðin 7,7 cm ($N=16$) og 10,2 cm ($N=3$) að meðaltali árið eftir.




7 mynd. Dreifing fyrstu kynslóðar blendinga (F1-blendinga) villts lax og eldislax af norskum uppruna skv. greiningu í NewHybrids (stutt niðurstöðum greininga annarra aðferða). Sýnin ná til hrygningarárganga 2012 og 2014-2019. Frekari upplýsingar um niðurstöður má finna í viðaukum 1b, 2b og 4.

Figure 7. Distribution of first generation hybrids (F1) of wild salmon and farmed salmon of Norwegian origin according to analysis in NewHybrids (supported by results of other methods). The samples cover the spawning years of 2012 and 2014-2019. More information about the results are given in appendices 1b, 2b and 4.



8 mynd. Niðurstöður greininga úr NewHybrids á erfðablöndun villts lax og eldislax meðal seiða á Vestfjörðum úr sýnatökum árána 2018 (a-b) og 2019 (c-d). Á fyrri myndum beggja sýnatökuára (myndir a og c) sést hlutdeild villtra seiða (blár), blendinga (appelsínugulur) og eldisseiða (túrkisblár) auk fiska með óvissa greiningu (hvítur). Stærð svartra hringja tákna hlutfallslegan sýnafjölda. Á seinni myndum (b-d) er greint á milli F1-blendinga (rauður) og eldri blöndunar, þ.e. blendinga F1-blendinga og villtra (gulur). F2-blendingar greindust ekki í sýnunum en slíkur blendingur fannst í Botnsá í Tálknafirði í sýni sem tekið var 2016.

Figure 8. Results of NewHybrids analysis on hybridization between wild and farmed salmon among juveniles in the Westfjords from samples collected in 2018 (a-b) and 2019 (c-d). The first images of both sampling years (images a and c) show the proportion of wild juveniles (blue), hybrids (orange) and farmed juveniles (turquoise) as well as fish with uncertain identification (white). The sizes of the black circles represent the relative number of samples. In the second pictures (b-d) the proportion of F1-hybrids (red) and older hybrids is shown, i.e. second generation hybrids of F1 X Wild (yellow). F2-hybrids were not detected in these samples but such a hybrid was found in Botnsá in Tálknafirður (Westfjords) in a sample collected in 2016.



9 mynd. Niðurstöður greininga úr NewHybrids á erfðablöndun villts lax og eldislax meðal seiða á Austfjörðum úr sýnatökum árána 2017 (a-b) og 2020 (c-d). Á fyrri myndum beggja sýnatökuára (myndir a og c) sést hlutdeild villtra seiða (blár), blendinga (appelsínugulur) og eldisseiða (túrkisblár) auk fiska með óvissa greiningu (hvítur). Stærð svartra hringja tákna hlutfallslegan sýnafjölda m.t.t. sýna á Vestfjörðum (þ.e. sýna á 8. mynd). Á seinni myndum (b-d) er greint á milli F1-blendinga (rauður) og eldri blöndunar, þ.e. blendinga F1-blendinga og villtra (gulur) og F2-blendinga (grænn).

Figure 9. Results of NewHybrids analysis on hybridization between wild and farmed salmon among juveniles in the Westfjords from samples collected in 2018 (a-b) and 2019 (c-d). The first images of both sampling years (images a and c) show the proportion of wild juveniles (blue), hybrids (orange) and farmed juveniles (turquoise) as well as fish with uncertain identification (white). The sizes of the black circles represent the relative number of samples. In the second pictures (b-d) the proportion of F1-hybrids and older hybrids is shown, i.e. backcrosses of F1-hybrids to wild (yellow) and F2-hybrids (green).

Greining á fjölda foreldra í COLONY meðal 162 eldis- og F1-blendingsseiða gaf heildarfjöldann 88 þar sem 37 fiskar tínguðust við 51. Ástæða þess mismunar í fjölda skýrist af því að einn fiskur gat tíngast við tvo eða fleiri fiska en fjölkvæni er vel þekkt hjá laxfiskum. Þá er yfirleitt um það að ræða að fullorðinn hængur og hrygna tíngast og einn eða fleiri snemmkynþroska hængar (seiði) frjóvgi hluta hrognanna, jafnvel tæplegan helming (Thomaz o.fl. 1997).

Mögulegt dæmi um slíkt sást í Botnsá, Berufjarðará, Fjarðará í Borgarfirði eystra, Hraundalsá og var mest áberandi í Sunndalsá þar sem einn fiskur tímgaðist við sjö fiska. Í dæmunum úr Fjarðará og Sunndalsá voru blendingar með breytileika í setröð hvatbera sem aðeins fannst hjá strokulöxum og styður það þá túlkun (sjá neðar). Að því gefnu að öll tilvik þar sem fleiri fiskar en tveir fiskar tóku þátt í hrygningu sé vegna framlags villtra snemmkynþroska hænga var heildarfjöldi eldislaxa sem tók þátt í hrygningu þeirra seiða sem hér voru til rannsóknar samtals 42, 32 tímgaðist aðeins við villtan lax, fjögur eldispör tímguðust og einn eldislax tímgaðist bæði við annan eldislax og tvo villta laxa en það var í Fjarðará í Borgarfirði eystra. Í töflu 1 má sjá samantekt á fjölda greindra eldisseiða í ám, blendingseiða villtra laxa og eldislaxa, stærð alsystkinahópa og fjölda eldislaxa sem tóku þátt í hrygningu, skipt niður á ár.

Breytileiki setraða hvatberalitnings var kannaður hjá 47 F1-blendingum, 41 af Vestfjörðum og sex af Austfjörðum, og borinn saman við breytileikann hjá villtum löxum og eldislöxum. Líkt og áður hefur komið fram erfist hvatberalitningur frá móður. Alls greindust sjö setraðir hjá strokulöxum ($N = 30$), 16 hjá villtum löxum á Vestfjörðum/Norðvesturlandi ($N = 472$) og 11 hjá villtum löxum á Austfjörðum ($N = 186$). Fjórar setraðir einstakar fyrir eldislaxa fundust meðal 27 F1-blendinga; tvær mismunandi setraðir fundust í Sunndalsá ($N = 23$) og skiptust milli tveggja systkinahópa, ein setröð í einum fiski í Kaldeyrará á Vestfjörðum og ein hjá þremur seiðum í Fjarðará í Borgarfirði eystra á Austfjörðum. Fjórar setraðir einstakar fyrir villta laxa fundust í fimm seiðum; þrjár setraðir hjá fjórum seiðum í Sunndalsá og ein setröð hjá einu seiði í Staðará í Steingrímsfirði. Aðrir blendinga voru með breytileika sem fyrirfannst bæði hjá eldislöxum og villtum löxum (þrjár setraðir meðal 13 fiska) eða fundust ekki í viðmiðunarsýnum (tvær setraðir hjá tveimur seiðum).

Tafla 1. Mat á fjölda eldislaxa sem tóku þátt í hrygningu þeirra seiða sem greind voru, skipt eftir ám og árum. Fjöldi eldis- og F1-blendingseiða eru uppgæfin ásamt upplýsingum um systkinahópa (greint í COLONY). Neðst í töflu er fjöldi strokulaxa sem bærust Hafrannsóknastofnun til greiningar og staðfestir sem slíkir.

Table 1. Estimated number of farmed escapees which participated in spawning the juveniles that were analyzed, divided by river and year. Number of pure farmed juveniles and F1-hybrids are provided as well as information on sibling groups (analyzed in COLONY). At the bottom of the table is the number of farmed escapees which were received by the Marine and Freshwater Research Institute for analysis and confirmed as such.

Á / river	Eldi / Farmed*	Blendingar / Hybrids*	2012	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Öll ár /all years
Krossá		3 (3)							1	1
Móra		6 (2,4)			1	1				2
Botnsá	3	34 (2-11)		6	3	3	6			18
Kaldeyrará**		1								1
Fífustaðadalsá		4 (4)					1			1
Litlueyrará		2 (2)				1				1
Þernudalsá		6 (6)		1						1
Sunnaldalsá		41 (2-13,19)			1	1	2			4
Mjólká	26 (26)							2		2
Kirkjubólsá		1			1					1
Hraundalsá		22 (21,22)				1				1
Staðará		1				1				1
Víðidalsá		1					1			1
Fjarðará BE	1	2 (,3)							2	2
Breiðdalsá		3 (2)			1			1		2
Berufjarðará		4 (2)	1					1		2
Selá		1						1		1
Eldislaxar hrygndu / farmed spawners			1	7	7	8	10	5	3	42
Greindir strokulaxar /analyzed escapees			0	64	10	0	7	10	6	97

*stærðir systkinahópa eru sýndar innan sviga, fyrst alsystkini og síðan er stærsti hópur al- og hálsystkina uppgæfinn eftir kommu ef við á. Í Fjarðará í Borgarfirði eystra (BE) voru eldisseiðið og blendingarnir tveir hálsystkini / sizes of sibling groups in parenthesis, full siblings first and then the largest group of full- and half-siblings is given after a comma. In River Fjarðará BE, the pure farmed juvenile and the two hybrids were half-siblings.

**ekki aldursgreint / age not assessed.

Umræður

Erfðablöndun eldislax og villts lax hefur verið álitin ógn við villta laxastofna og telst hún í dag meðal alvarlegri ógna sem steðja að villtum stofnum. Hún getur breytt erfðasamsetningu stofna, breytt lífsögu, valdið hnignun stofna og þannig skaðað líffræðilegan fjölbreytileika. Erfðablöndun hefur greinst í þeim löndum þar sem sjókvíaeldi á laxi er stundað á útbreiðslusvæði Atlantshafslax, þ.e. þar sem það hefur verið kannað (Glover o.fl. 2017; Wringe o.fl. 2018; Gilbey o.fl. 2021).

Með samburði við erfðaupplýsingar eldislaxa af þeim stofni sem notaður er á Íslandi, og er af norskum uppruna, greindist erfðablöndun í 36 ám af 89 í mismiklu mæli (6. mynd; viðauki 4). Rannsóknin styður þannig niðurstöður rannsóknar Hafrannsóknastofnunar frá 2017 og frumniðurstöður rannsóknar Laxfiska ehf. um að erfðablöndun vegna eldis á norskum stofni hafi orðið (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017a; Jóhannes Sturlaugsson og Snæbjörn Pálsson 2023). Rannsóknin nú byggði á mun öflugri nálgun heldur en 2017, t.d. hvað varðar fjölda eða eiginleika erfðamarka og fjölda og dreifingu sýna í tíma og rúmi. Nú voru næstum tíu sinnum fleiri erfðasýni úr laxaseiðum greind og sýnatökusvæðið ekki einskorðað við Vestfirði þótt flest sýnin hafi verið af því svæði. Gott úrtak var greint af Austfjörðum og nærliggjandi svæðum en þar greindist erfðablöndun líkt og á Vestfjörðum. Eldisseiði greindust í nokkrum ám en slíkir fundir hafa sjaldan verið skrásettir (Wringe o.fl. 2018; Jóhannes Sturlaugsson og Snæbjörn Pálsson 2023).

Erfðablöndun var greind með nokkrum mismunandi aðferðum og voru niðurstöðurnar í megin dráttum samhljóða og skýrar. Hinn mikli erfðamunur sem er á milli íslenskra og norskra laxa auðveldar greiningu á erfðablöndun og að því leyti er auðveldara að greina erfðablöndun hér en í Noregi. Þar í landi má aðeins vera með eldisstofna af norskum uppruna í eldi og erfðamunur þ.a.l. minni milli eldislaxa og villtra laxa sem getur torveldað greiningar einstakra fiska, einkum ef um er að ræða eldri blöndun.

Sú nálgun að greina öll sýni saman (en þó aðskilja Suðurland frá öðrum svæðum) virðist ekki hafa haft mikil áhrif á niðurstöður samanborið við að greina einn fisk í einu ásamt viðmiðunarsýnum líkt og venjan er nú í Noregi, þ.e. $P(wild)$. Aðferðin að greina einn fisk í einu í STRUCTURE (eða NewHybrids) er hugsuð til að staðla greiningu hvers fisks en þekkt er að stofngerð, sýnastærð og systkinahópar geta bjagað greiningar á erfðahlutdeild (Besnier og Glover 2013; Karlsson o.fl. 2016; Wringe o.fl. 2017). Vegna hins hlutfallslega litla erfðamunar milli eldislaxa í Noregi og villtra laxa hefur verið talið mikilvægt að minnka mögulega bjögun þar eins og kostur er. Gögnin í þessu verkefni voru greind af sérfræðingum NINA (sem vakta erfðablöndun í Noregi) skv. þeirra forskrift og voru niðurstöður sambærilegar og nánast undantekningarlaust innan líkindamarka (mynd 4b; sjá dæmi í viðauka 5), þrátt fyrir að

greiningu á aðeins 50 SNP sbr. við 196 SNP hér. Sú niðurstaða sýnir styrk gagnanna og réttlætir þá nálgun að greina sýnin saman.

Alls greindust 132 F1-blendingar, þ.e. afkvæmi villts lax og eldislax, í 16 ám. Algengast var að finna F1-blendinga í ám nærri eldissvæðum, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Það er í samræmi við almenna þekkingu um útbreiðslu erfðablöndunar út frá eldissvæðum sem og göngur strokulaxa í ár (Diserud o.fl. 2022). Þó ber að hafa í huga að í þessari rannsókn var sýnataka ekki jafndreifð um landið og voru fleiri sýni tekin nærri eldissvæðum. Á Vestfjörðum greindust F1-blendingar í 10 ám og í fjórum ám á Austfjörðum. Möguleg ástæða fyrir þessum mun er að núverandi laxeldi fór fyrr af stað á Vestfjörðum (fyrsta slátrun 2011) en skv. tölum frá MAST fór framleiðslan á Austfjörðum úr engu árið 2017 og upp í 3,7 þúsund tonn árið 2018 og 9,7 þúsund tonn ári síðar (MAST 2022). Mögulega gæti einnig skipt máli að á Austfjörðum er strandlengjan mun styttri og þar eru færri ár sem lax nýtir til hrygningar en kaldari bleikjuár eru einkennandi fyrir svæðið norðan Stöðvarfjarðar (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018b). Þó ber að nefna að niðurstöður rannsóknarinnar sýna að strokulaxar úr eldi hrygna ekki eingöngu í vatnsmiklum laxám, sem gæti verið algengara þar sem framleiðsla er meiri og útbreiddari (sjá t.d. Mahlum o.fl. 2021), heldur einnig í litlum ám þar sem hrygning lax gæti í sumum tilvikum verið stopul. Dæmi um slíkar ár á Vestfjörðum gætu t.d. verið Kaldeyrará og Þernudalsá og á Austfjörðum, Fjarðará í Borgarfirði eystra og Berufjarðará (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018b; Hafrannsóknastofnun, óbirt gögn). Dæmi um erfðablöndun í litlum ám hafa fundist í Noregi. Þar hefur verið lagt til að mögulegt mikilvægi lítilla áa fyrir hrygningu eldislaxa og dreifingu erfðablöndunar verði rannsakað (Pulg o.fl. 2021). Með dreifingu erfðablöndunar er átt við að vísbendingar eru um að fullorðnir blendingar hafi verri rötun (í heimaá) en villtir laxar og þannig gæti erfðablöndun í einni á leitt til erfðablöndunar í annarri á (Jonsson og Jonsson 2017). Litlar laxár eru taldar gegna mikilvægu hlutverki í viðhaldi erfðabreytileika stærri yfirstofna (e. metapopulation; t.d. Hindar o.fl. 2004; Schtickzelle og Quinn 2007) og erfðablöndun getur mögulega raskað slíkum kerfum (Mahlum o.fl. 2021).

F1-blendingar greindust oftast í sama firði og sjókvíaeldi er stundað eða innan 50 km fjarlægðar frá eldi. Erfðablöndun í meiri fjarlægð greindist í Móru á Barðaströnd, Hraundalsá í Ísafjarðardjúpi og Fjarðará í Borgarfirði eystra en þessar ár eru allar í um 100 km fjarlægð frá sjókvíaeldi á laxi. Í enn meiri fjarlægð greindist erfðablöndun í Krossá á Skarðsströnd (~140 km), Staðará í Steingrímsfirði og Víðidalsá í Vestur-Húnavatnssýslu (báðar í ~250 km fjarlægð). Dreifing erfðablöndunar er í samræmi við aðrar rannsóknir þar sem mest erfðablöndun greinist á eldissvæðum og þekkt er að strokulaxar geta gengið í ár í nokkur hundruð kílómetra fjarlægð frá strokstað (Hansen og Youngson 2010; Keyser o.fl. 2018; Diserud o.fl. 2022).

Fjöldi greindra F1-blendinga í ám var frá einum upp í 41 í Sunndalsá í Arnarfirði (2018 og 2019) eða 16% fiska sem rannsakaðir voru úr þeirri á. Hærra hlutfall greindist þó í Botnsá í Tálknafirði (32%) og í Hraundalsá í Ísafjarðardjúpi (45%) og enn hærra í tveimur öðrum ám en þá var sýnastærð mjög lítil. Fjöldi F1-blendinga í sýnum er ekki alltaf vísbending um hversu margir eldislaxar tóku þátt í hrygningu. Til að mynda voru líklega fjórir eldislaxar að baki F1-blendingunum í Sunndalsá og aðeins einn í Hraundalsá en í sýnunum greindust stórir hópar systkina. Samhliða COLONY-greiningu á alsystkinum og hálf-systkinum aldursgreindra F1-blendinga og hreinna eldisseiða var fjöldi foreldra sem tóku þátt í hrygningu metinn. Athygli vakti að seiði nokkurra systkinahópa áttu fleiri en tvo foreldra og í einu tilfelli hafði einn fiskur tímgað við sjö aðra. Líklegasta skýringin er framlag snemmkyrnþroska hænga og studdi greining á hvatberum í þessari rannsókn þá túlkun. Fundist hafa dæmi um að yfir 30 hængir frjóvgi eina hrygnu en talið er að snemmkyrnþroska hængir geti almennt gegnt veigamiklu hlutverki í varðveislu erfðabreytileika lítilla stofna með því að stækka hrygningarstofna þeirra, jafnvel allt að þrefaldað stærð þeirra (Martinez o.fl. 2000; Richard o.fl. 2013). Þegar gert var ráð fyrir að greint fjölkvæni væri vegna villtra snemmkyrnþroska hænga var fjöldi stökulaxa sem hrygndi í ám 42, 33 tímgaðust við villta laxa og tíu tímgaðust innbyrðis (athuga ber að einn eldislax tímgaðist bæði við villta laxa og eldislax). Höfundar þekkja aðeins eitt dæmi þess að lagt hafi verið mat á fjölda foreldra af eldisuppruna meðal seiða veiddum í ám. Í rannsókn Wringe o.fl. (2018), greindust með sömu aðferð mun fleiri foreldrar af eldisuppruna en í þessari rannsókn eða 164 (byggt á greiningu 1.700 seiða). Eldislaxarnir hrygndu sama ár í kjölfar slysasleppingar á 20.000 fullorðnum löxum.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hafa stökulaxar hrygnt árlega í ám á árabílinu 2012-2019 með einni undantekningu (Tafla 1). Fjöldi hrygnandi stökulaxa nam frá einum árið 2012 til 10 árið 2017 en árið 2016 var hrygnt í flestum ám, sex talsins. Hér verður ekki leitast við að tengja einstakar hrygningar stökulaxa við tiltekin stök eða tilkynnta „atburði“. Hins vegar verða nokkur atriði dregin fram. Á Austfjörðum hrygndi eldislax 2012 og 2015 en skv. upplýsingum MAST var engin framleiðsla þau ár í landshlutanum. Reyndar er skráð nokkurra tonna framleiðsla árin á milli þessara atburða og 2010 svo ekki útilokað að erfðablöndunin tengist eldisstarfsemi á svæðinu. Annar möguleiki er að eldislaxarnir komu frá Vestfjörðum (700 km fjarlægð) eða öðru framleiðslulandi (Ingi Rúnar Jónsson 2005). Fjarlægð frá suðurhluta Austfjarða til Færeyja er um 450 km, 800 km til Skotlands og 1.000 km til Noregs en dæmi eru um svipuð og lengri ferðalög stökulaxa (Diserud o.fl. 2022). Sjávarstraumar gætu skipt máli í því sambandi (Hansen 2006). Árið 2018 veiddist stökulax í klakveiði í Breiðdalsá sem ekki var rakinn til Stofnfisks. Erfðagreining með SalSea-erfðamörkum benti til að fiskurinn væri af öðrum norskum eldisstofni en notaður er hér á landi (Tækniskýrsla Hafrannsóknastofnunar 2020). SalSea-erfðamörk hafa hins vegar ekki alltaf góða upplausn,

t.d. er ekki alltaf hægt að greina upprunaland villtra laxa innan Evrópu (Gilbey o.fl. 2018). Einnig er misjafn árangur SalSea-erfðamarka við greiningu á erfðablöndun íslensks lax og eldislax af norskum uppruna (sjá t.d. Breiðdalsá og Berufjarðará 2017 í viðauka 2b). Frekari rannsókna á fiskinum í Breiðdalsá er hins vegar þörf til að greina uppruna hans og á þeim möguleika að strokulaxar frá öðrum löndum hrygni á Íslandi.

Fjöldi strokulaxa, sem borist hefur Hafrannsóknastofnun frá veiðimönnum og Fiskistofu, á árabílinu 2012-2019 er 97. Því til viðbótar veiddust fjórir eldislaxar í Fífustaðadalsá 2015-2018 í vöktunarveiði Laxfiska ehf. (Jóhannes Sturlaugsson 2021). Það er samtals rúmlega tvöfaldur foreldrafjöldi þeirra F1-blendinga og eldisseiða sem greind voru í rannsókninni. Mestu munar um 64 strokulaxa sem veiddust í og við Ósá í Patreksfirði 2014 í kjölfar slyssaleppingar 2013. F1-blendingar af hrygningarárgangi 2014 greindust hins vegar aðeins í tveimur ám á Vestfjörðum. Aftur á móti greindust F1-blendingar af hrygningarárgangi 2016 í sex ám á Vestfjörðum, þar á meðal í Staðará í Steingrímsfirði (~250 km fjarlægð frá eldissvæðum), en það ár barst Hafrannsóknastofnun enginn strokulax úr veiði. Ekki er hægt álykta út frá gögnunum að hrygningarárangur strokulaxa hafi verið meiri 2016 en 2014 enda aðeins lítil hluti búsvæða lax kannaður og fjöldi strokulaxa óþekktur. Hins vegar má álykta að fjöldi veiddra/greindra strokulaxa í ám gefur ekki alltaf góða mynd af umfangi og dreifingu strokulaxa. Ástæðurnar fyrir því gætu verið takmörkuð (eða engin) laxveiði í mörgum smærri ám á Vestfjörðum, veiddir strokulaxar ekki skráðir og/eða ekki borin kennsl á þá og strokulaxar geta gengið seint í ár, t.a.m. eftir veiðitímann (Madhun o.fl. 2017). Flestir strokulaxar hafa hrygnt í Botnsá í Tálknafirði eða 18 talsins og næst flestir eða fjórir í Sunndalsá í Trostansfirði (Arnarfirði), þ.e. samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Báðar árnar eru innst í fjörðum þar sem umtalsverð framleiðsla er á eldislaxi.

Athygli vekur að í Selárdalsá í Ketildöllum, sem er yst í Arnarfirði, greindust engin afkvæmi strokulaxa þrátt fyrir greiningu 452 seiða. Það er í samræmi við rannsókn Laxfiska ehf. á 74 seiðum í sömu á þar sem engir F1-blendingar greindust en mögulega eitt seiði með eldri blöndun (Jóhannes Sturlaugsson og Snæbjörn Pálsson 2023). Líkt og í Sunndalsá er mikill þéttleiki laxaseiða í Selárdalsá og stofnar (eða stofnhlutar í skilningi hugtaksins yfirstofn) þeirra væntanlega hlutfallslega sterkir innan svæðisins (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017b; Hafrannsóknastofnun, óbirt gögn). Með hliðsjón af því gætu niðurstöðurnar verið í ágætu samræmi við þær vísbendingar sem fundust í rannsókn Mahlum o.fl. (2021) um dreifingu eldislaxa í ám innan fjarða Noregs. Í sömu rannsókn voru jafnframt vísbendingar um öfugt samband ef stofnstærðir villts lax voru litlar, þá greindust fleiri strokulaxar í ám utar í fjörðum. Dregin var sú ályktun að þessi tilhneiging gæti tengst bæði farhegðun og atferli (Mahlum o.fl. 2021). Við hlið Selárdalsár, um 500 m innar í Arnarfirði, rennur Fífustaðadalsá og þar greindust F1-blendingar í þessari rannsókn sem og vísbendingar um eldri blöndun í

rannsókn Jóhannesar Sturlaugssonar og Snæbjarnar Pálssonar (2023). Í þeirri á hafa átta strokulaxar verið fjarlægðir í sérstakri vöktunarveiði á tímabilinu 2015-2020 en enginn strokulax hefur veiðst í sambærilegri vöktun í Selárdalsá (Jóhannes Sturlaugsson 2021; Jóhannes Sturlaugsson, munnleg heimild). Hvers vegna eldislax virðist fremur ganga í Fífustaðadalsá en Selárdalsá, sem gætu haft svipaðan fjölda fullorðinna hrygningarlaxa (Jóhannes Sturlaugsson 2017; Jóhannes Sturlaugsson, munnleg heimild), er ekki vitað en ein möguleg skýring gæti verið að strokulax innan úr Arnarfirði kæmi fyrr að Fífustaðadalsá en Selárdalsá og gengi því fremur í hana.

Árið 2018 veiddust samtals 10 strokulaxar í níu ám og var dreifing þeirra víðfeðm. Eldislaxar veiddust í ám á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Ekki hafa áður fundist strokulaxar í jafn mörgum ám með skráða veiði (átta af níu) og með álíka dreifingu. Hins vegar hefur áður greinst meiri fjöldi strokulaxa í ám með skráða veiði. Það var árið 2003 í kjölfar slyssaleppingar í Norðfirði sama ár. Þá veiddust 12 strokulaxar (greindir út frá útliti, hreistri og fjórir voru örmerktir); sex í Breiðdalsá, fimm í Hofsá og einn í Selá (báðar í Vopnafirði). Níu voru veiddir á stöng en þrjú komu fram í klakveiði, tveir í Breiðdalsá og einn í Hofsá (Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson 2004). Árið eftir veiddist einn eldislax úr sjókví (útlit og hreistur) í Laxá í Aðaldal (Ingi Rúnar Jónsson 2005). Líkt og nefnt var í inngangi hefur sjókvíaeldi á laxi af norskum uppruna áður verið reynt á Austfjörðum. Það hófst árið 2001 en leið að mestu undir lok árið 2007 og nam framleiðslan mest um 6.000 tonnum.

Skýr merki um eldri erfðablöndun mátti greina í gögnunum. Alls greindust 136 seiði sem blendingar F1-blendinga og villtra laxa skv. NewHybrids, þ.e. blendingar af annarri kynslóð. Að auki fimm F2-blendingar sem eru afkvæmi tveggja F1-blendinga og því einnig af annarri kynslóð. Í greiningunni var óvissa í flokkun 43 seiða sem flest höfðu mestar líkur á að tilheyra annað hvort hópi villtra eða blendinga F1-blendinga og villtra. Flest sýnin með óvissa greiningu í NewHybrids voru með q -gildi úr STRUCTURE á bilinu 0,87-0,89, sem myndi þýða 11-13% erfðahlutdeild eldisstofns ef viðmiðunarsýni væru lýsandi og unnt væri að aðgreina erfðahópa fullkomlega eða því sem næst. Sú erfðahlutdeild er sú sama og búast mætti við í þriðju kynslóð erfðablöndunar, þ.e. ef F1-blendingur parast við villtan lax og afkvæmi þeirra myndi aftur parast við villtan lax. Í þessari rannsókn var notast við þá sex tíðnihópa arfgerða (e. genotype frequency classes) sem höfundar NewHybrids mæltu með við flokkun blendinga við útgáfu forritsins, þ.e. tvo foreldrahópa og þá fjóra mismunandi flokka blendinga sem mögulegir eru við tvær kynslóðir af blöndun (Anderson og Thompson 2002). Ef þriðju kynslóð blöndunar er bætt við í greiningunni eykst fjöldi tíðnihópa úr sex í 21, þar af 15 einstakir, og erfitt getur verið að greina milli þeirra (Anderson og Thompson 2002; Pritchard o.fl. 2016). Hins vegar hefur það verið gert í rannsókn á erfðablöndun eldislax og villts lax með góðum árangri en þá var árangur kannaður með greiningu á „tilbúnum“ (e. simulated) blendingum (Pritchard o.fl.

2016). Til stendur að gera það síðar fyrir gögn þessa verkefnis. Þangað til verður að hafa fyrirvara á greiningu fiska sem eru í neðri mörkum dreifingar q -gilda úr STRUCTURE hjá fiskum sem NewHybrids flokkaði sem villta og efri mörkum q -gilda hjá blendingum F1-blendinga og villtra (sjá dæmi á mynd af erfðahlutdeild laxaseiða í Botnsá (Tálknafirði) 2019 í viðauka 1b). Mögulega er hluti þeirra fiska, auk fiska með óvissa flokkun, blendingar af þriðju kynslóð af þeirri gerð sem nefnd var hér að ofan.

Annað sem vert er að hafa í huga er að í sumum eldislögum viðmiðunarsýnis (bæði úr eldisstöð og strokulaxar) fundust skýrar vísbendingar um blöndun við íslenskan lax (3. og 4ab. mynd). Þekkt er að tilraunir með blöndun eldislaxa af norskum uppruna og íslenskra laxa voru gerðar á tíunda áratug síðustu aldar (Valdimar Ingi Gunnarsson og Eiríkur Beck 2004). NewHybrids greindi 232 af 250 eldislögum (93%) til eldis en aðrir eldislaxar greindust með eldri blöndun eða óvissa flokkun (gögn ekki sýnd). Ef hluti erfðamengis þeirra strokulaxa sem blandast íslenskum lögum er íslenskt getur það haft áhrif á niðurstöður greininga á erfðablöndun. Þótt niðurstöður þessarar rannsóknar bendi til að það geti átt við minnihluta eldislaxa þarf að kanna það nánar, sem og hvort erfðasamsetning eldisstofnsins hafi breyst í tíma. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að greina nánar þann breytileika sem fyrirfinnst í hvatberum eldisstofnsins.

Flest seiði sem NewHybrids flokkaði í hóp blendinga F1-blendinga og villtra veiddust í Breiðdalsá, samtals 71 (31%) af 228 seiðum í þeirri á. Slíkir blendingar greindust í öllum 13 sýnatökum árána 2017 og 2020 (viðauki 4). Fjöldi þeirra nam frá einu upp í 12 per sýnatöku og í sumum tilvikum var hlutfall þeirra um og yfir 50%. Blendingar af þessari gerð í Breiðdalsá voru 52% allra slíkra fiska sem greindust í verkefninu. NewHybrids flokkaði einungis 139 (61%) seiða sem villt í ánni og samanborið við aðrar ár voru q -gildi marga þeirra lág (viðauki 1b). Að auki voru fiskar með óvissa flokkun hlutfallslega margir í Breiðdalsá, samtals 14 eða 33% allra fiska með óvissa flokkun. Líkt og nefnt var að ofan veiddust sex strokulaxar í Breiðdalsá 2003. Því til viðbótar voru tveir laxar úr stangveiði sama ár og einn árið 2005 greindir úr eldi skv. útliti og síðar með greiningu á SalSea-erfðamörkum (ekki tæmandi greining á veiðinni; gögn ekki sýnd). Það að mögulega 39% seiða sé einhvers konar blendingur (sjá Anderson og Thompson 2002) þarfnast sérstakrar skýringar, sér í lagi þar sem álíka blöndun greindist ekki í öðrum laxveiðiám. Í Hofsá í Vopnafirði (170 km fjarlægð frá Breiðdalsá), þar sem einnig veiddust strokulaxar árið 2003, greindist aðeins vottur af eldri blöndun. Ein möguleg skýring gæti verið sú að laxastofn Breiðdalsár er margfalt minni en laxastofn Hofsár (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2022) og því hefur að öllu jöfnu þurft færri eldislaxa til að valda meiri áhrifum í Breiðdalsá (Diserud o.fl. 2022). Þess utan var Breiðdalsá nær eldisvæðum þess tíma svo mögulega hefur fjöldi strokulaxa verið meiri í þeirri á.

Önnur möguleg skýring á hinni hlutfallslega miklu erfðablöndun í Breiðdalsá er sú að erfðablöndun hafi verið mögnuð upp í ánni með seiðasleppingum. Í rannsókn Hagen o.fl. (2019) var sýnt að gönguseiði af eldisuppruna (blendingar eldislaxa og villtra) voru allt að fjórfalt líklegri að skila sér í veiði en gönguseiði undan villtum löxum. Aðlögun eldislaxa (og blendinga) að eldisaðstæðum á seiðastiginu vóg þannig þyngra en væntrar lélegri endurheimtur blendinga úr hafi (Hagen o.fl. 2019). Í Breiðdalsá hefur gönguseiðum verið sleppt í yfir 20 ár til að auka veiði. Á árabílinu 1997-2018 var yfir 1,8 milljón gönguseiðum sleppt, þar af um hálfri milljón á sama tíma og fyrra tímabil laxeldis með stofni af norskum uppruna (hér var gert ráð fyrir kynþroska fyrstu eldislaxa árið 2003 og eitt og hálf ár fyrir seiði að ná gönguseiðastærð). Samkvæmt lögum má aðeins ala gönguseiði til sleppinga undan foreldrum (klaklöxum) úr viðkomandi á til að koma í veg fyrir stofnablöndun innan Íslands. Þekkt eru tvö dæmi þess að eldislax hafi komið fram í klakfiskveiði í Breiðdalsá. Þótt þeir fiskar hafi verið teknir frá er ekki fyrirfram hægt að útiloka þann möguleika að eldislaxar hafi verið notaðir þar sem þeir geta verið án ytri einkenna, sérstaklega ef þeir sleppa úr eldi sem seiði. Eins má vera að blendingar eldislaxa og villtra laxa hafi verið notaðir í klak en þeir líta út eins og villtir laxar. Þess má geta að á sama tímabili virðast ekki hafa verið stundaðar seiðasleppingar í Hofsa, a.m.k. var þeirra ekki getið í fiskrannsóknum á ánni (t.d. Þórólfur Antonsson 2006, 2010). Frekari rannsókna er þörf til að skýra umfang erfðablöndunar í Breiðdalsá. Hluti af þeirri rannsókn væri t.d. frekari greining á kynslóðum blöndunar samhliða aldri seiða, skyldleika blendinga, erfðagreining á fullorðnum löxum úr veiði (erfðaefni einangrað úr hreistri) og mögulega úr klaklöxum ef tiltæk lífsýni eru af nægjanlegum gæðum. Árið 2014 voru settar reglur í Noregi um að erfðagreina þyrfti alla væntanlega klaklaxa sem ekki báru skýr merki þess að koma úr eldi. Með þeim hætti hefur árlega tekist að forða hundruðum eldislaxa (eða blendingum) frá því að verða notaðir til undaneldis í fiskrækt (Karlsson o.fl. 2018 og heimildir þar í).

Eldri blöndun greindist í öðrum ám á Austfjörðum og nærliggjandi svæðum. Sunnan Breiðdalsár greindist eldri blöndun í Berufjarðará og í Selá í Álftafirði en ekki í Laxá í Nesjum og Smyrlabjargará sem eru fjær. Norðan Breiðdalsár greindust nokkrir eldri blendingar í Stöðvará en meirihluti seiða var af villtum uppruna. Niðurstöður í Stöðvará 2020 voru nokkuð svipaðar og í Breiðdalsá hvað varðar dreifingu q -gilda úr STRUCTURE en 20 km eru milli ósa ána. Athygli vekur að í bleikjuánum norðan Stöðvarár veiddust 16 laxaseiði í fimm ám og reyndust þau öll nema eitt flokkast sem eldri blendingar eða af annars konar eldisuppruna. Fleiri sýni úr Hofsa og úr öðrum ám af Norðausturlandi eru í erfðagreiningu svo betri mynd af umfangi og dreifingu erfðablöndunar ætti fást innan tíðar. Í Laxá í Aðaldal greindist einn eldri blendingur af 43 seiðum sem rannsökuð voru. Í rannsókn Jóhannesar Sturlaugssonar og Snæbjarnar Pálssonar (2023) fannst vísbending um sams konar blending. Áður hefur verið

nefnt að strokulax úr eldi veiddist í Laxá í Aðaldal árið 2004. Ekki er vitað hvaðan sá fiskur strauk. Mögulega var hann úr sjókvíaeldi af Austfjörðum eða mögulega úr Lóni í Kelduhverfi sem er í innan við 50 km fjarlægð frá ánni. Í Lóni var, með undanþágu, starfrækt sjókvíaeldi á eldislaxi af norskum uppruna frá miðjum níunda áratug síðustu aldar (Valdimar Ingi Gunnarsson 2002). Mögulega hefur framleiðslan mest numið um 500 tonnum á ársgrundvelli. Ekki fundust heimildir um strok eldislaxa af norskum uppruna úr eldinu en árið 1981 sluppu 30.000 laxar af íslenskum uppruna (Eyjólfur K. Jónsson 1987 eins og vitnað er í Valdimar Ingi Gunnarsson 2008).

Í sýnum frá 2004, sem greind voru í þessari rannsókn vegna gruns um mögulega erfðablöndun, greindist einn eldri blendingur í Svalbarðsá í Þistilfirði, í 110 km fjarlægð frá Lóni í Kelduhverfi. Í öðrum sýnum frá því ári greindist F1-blendingur í Sogi á Suðurlandi og einn eldri blendingur í Ölfusá í sama vatnakerfi (viðaukar 3b og 4). Í landeldisstöðvum í Ölfusi hafa verið framleidd laxaseiði af norskum uppruna í áratugi en engar heimildir fundust um leka seiða úr stöðvunum. Slík dæmi eru þó þekkt erlendis (Carr og Whoriskey 2006). Erfðablöndun greindist ekki í yngri sýnum af Suðurlandi.

Eldri blöndun greindist í 13 af 44 ám á Vestfjörðum og rétt utan svæðisins, í Hvolsá á Skarðsströnd (viðauki 1b og 4). Blendingar F1-blendinga og villtra voru nokkuð áberandi í Staðará í Súgandafirði (5 seiði, 1,6% sýna), í Staðará í Steingrímsfirði (12 seiði, 10%) og Múlaá í Ísafirði (8 seiði, 19,5%). Í Bjarnadalsá í Önundarfirði greindust fjórir eldri blendingar í sýnum frá 2015 og 2016. Þrír af fjórum blendingum í Bjarnadalsá voru af hrygningarárgangi 2011 þannig að ekki er hægt að tengja þá við núverandi sjókvíaeldi á Vestfjörðum (hér gert ráð fyrir annarrar kynslóðar blöndun en ekki eldri og að strokulax sé ekki blandaður íslenskum laxi). Að sama skapi var ekki hægt að tengja eldri blöndun í Botnsá í Tálknafirði, Sunndalsá og Mjólká í Arnarfirði, Djúpadalsá og Gufudalsá (báðar innarlega í Breiðafirði) við núverandi eldi. Í Staðará í Steingrímsfirði voru flestir ef ekki allir blendingar af hrygningarárgöngum 2016 og/eða 2017. Í Víðidalsá í Steingrímsfirði greindust þrír eldri blendingar og tilheyrðu þeir sömu hrygningarárgöngum. Jafnframt hafa fundist vísbendingar um eldri blöndun í Selá í sama firði í sýnum frá 2019 en aldur seiða var ekki upp gefinn (Jóhannes Sturlaugsson og Snæbjörn Pálsson 2023). Ekki er útilokað að tengja megi hluta þessarar blöndunar við núverandi eldi á Vestfjörðum ef ákveðnar forsendur eru gefnar; eldislaxar voru kynþroska árið 2013 og 2014, blöndun er af annarri kynslóð en ekki eldri, F1-blendingar af hrygningarárgöngum 2013 og 2014 tóku þátt í hrygningu sem snemmkynþroska 2⁺ eða 3⁺ hængseiði. Ekki verður lagt mat á hversu líkleg þessi sviðmynd er, sér í lagi þar sem eldri blöndun í nokkrum ám var ekki hægt að tengja við núverandi eldi. Þó má nefna að strokulaxar voru kynþroska 2014 (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2014), hængseiði geta orðið kynþroska 2⁺ (sjö seiði í þessari rannsókn), F1-blendingar geta orðið snemmkynþroska þrátt fyrir kynbótaval gegn þeim eiginleika hjá

eldislöxum (eitt slíkt seiði fannst í Berufjarðará), hlutfallslega mörg (jafnvel flest) hængseiða F1-blendinga geta orðið snemmkynþroska (Holborn o.fl. 2022) og æxlunarárangur þeirra getur verið meiri en villtra hængseiða (Garant o.fl. 2003).

Í viðamikilli rannsókn í Kanada greindist hátt hlutfall F1-blendinga í kjölfar stórrar slysasleppingar á eldislöxum. Hlutfall F1-blendinga lækkaði með tímanum en skömmu síðar hækkaði hlutfall blendinga af annarri kynslóð sem rakið var til hrygningar snemmkynþroska F1-blendinga (Holborn o.fl. 2022). Frekari greining á gögnunum ásamt væntanlegum viðbótargögnum úr yngri sýnum mun mögulega varpa ljósi á mikilvægi þessa þáttar á Íslandi. Líklega verður ekki hægt að finna augljósar skýringar á allri eldri blöndun þar sem óvissuþættir eru almennt margir, saga notkunar eldisstofnsins virðist ekki fyllilega skráð og ekki öll slys eða atvik þekkt, t.a.m. var upplýst um losun 160.000 eldisseiða af norskum uppruna út í sjó í Tálknafirði árið 2002, 15 árum eftir þann gjörning (Magnús Jóhannsson og Sigurður Már Einarsson 2001 eins og vitnað er í Valdimar Ingi Gunnarsson 2002; Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017a).

Niðurlag

Rannsóknin sem lýst hefur verið í þessari skýrslu sýnir að erfðablöndun eldislaxa og villtra laxa á sér stað hér á landi líkt og í öðrum löndum þar sem sjókvíaeldi á laxi er stundað á útbreiðslusvæði Atlantshafslax. Blendingar af fyrstu kynslóð voru mest áberandi í ám nærri eldi en greindust einnig í talsverðri fjarlægð. Rannsóknin náði að mestu til laxaseiða frá árum þegar framleiðsla á eldislaxi var að meðaltali um 6.900 tonn. Framleiðslan er margfalt meiri í dag og mun að öllum líkindum aukast enn frekar á komandi árum.

Í rannsókninni var lagt mat á fjölda eldislaxa sem hrygndu í ám, þ.e. fjölda foreldra F1-blendinga, en óvissa er um heildarfjölda hrygningarfiska af eldisuppruna þar sem lítill hluti búsvæða lax var rannsakaður. Eldri erfðablöndun greindist í ám sem a.m.k. má tengja við sjókvíaeldi í byrjun þessarar aldar. Ástæður þess að eldri blöndun greindist í mismiklu mæli og á mismunandi stöðum þarfnast frekari skoðunar. Í því sambandi er nauðsynlegt að meta áhrif snemmkynþroska hænga af blendingsuppruna á mögnun erfðablöndunar (Holborn o.fl. 2022).

Gera má ráð fyrir aukinni erfðablöndun samfara aukinni framleiðslu (Mahlum o.fl. 2021; Diserud o.fl. 2022). Með núverandi tækni í sjókvíaeldi er alltaf hættu á sleppingum fiska og á meðan ekki er notaður ófrjór lax í eldi þarf að veiða strokulaxa úr ám fyrir hrygningu. Í Noregi er það talin nauðsynleg aðgerð á meðan iðnaðurinn hefur ekki innleitt lausnir til að útrýma sleppingum (Glover o.fl. 2020). Fyrirtækið Laxfiskar ehf. hefur frá árinu 2015 fjarlægt strokulaxa úr einni laxá nærri sjókvíaeldi og þannig minnkað líkur á erfðablöndun. Hafrannsóknastofnun hefur í sjö ár sótt um fjármagn til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis vegna

samskonar aðgerða í fleiri ám á sjókvíaeldissvæðum en án árangurs. Þar var um að ræða „hreinsun“ eldislaxa úr ám á Vestfjörðum samhliða yfirborðsköfun (e. drift diving) að norskrri fyrirmynd (Skoglund o.fl. 2021). Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn í slíkar aðgerðir til að minnka líkur á erfðablöndun í laxastofnum á sjókvíaeldissvæðum sem eru ekki inni í áhættumati erfðablöndunar. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að eldislaxar eða blendingar verði ekki notaðir í fiskrækt með seiðasleppingum hér á landi. Upprunagreining allra klaklaxa með erfðafræðilegum aðferðum ætti því að setja sem skilyrði hér á landi.

Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar um stöðu erfðablöndunar norskættaðra eldislaxa og villtra laxa á Íslandi við upphaf núverandi eldis. Von er á erfðagögnum úr 4.000 laxaseiðum úr ám hringinn í kringum landið. Sýnin voru tekin árið 2021 og ættu því að gefa betri mynd af þeirri erfðablöndun sem varð 2019, þegar framleiðslan fór yfir 25.000 tonn, og veita vísbendingar um stöðuna 2020 þegar framleiðslan var enn meiri. Þótt áhrif tiltekins framleiðslumagns geta verið lengi að koma fram (Erfðanefnd landbúnaðarins 2019) er öflug vöktun á erfðablöndun ein forsenda þess að unnt sé að leggja mat á hvort þau teljist ásættanleg, t.d. með hliðsjón af varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Með aukinni þekkingu á því hvernig erfðablöndun kemur fram eru líkur til að gera megi líkön til að spá fyrir erfðablöndun miðað við mismunandi sviðsmyndir í umfangi eldis og eftir stofnum m.t.t. stærða þeirra og fjarlægðar frá eldissvæðum. Slíkar mögulegar rannsóknir geta verið lengi í vinnslu.

Þakkarorð

Rannsóknin var styrkt af Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Fiskræktarsjóður styrkti erfðasýnatöku og erfðagreiningu sýna úr Breiðdalsá 2020 og sýnatöku af Austfjörðum 2017 til helmings á móti Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Auk höfunda skýrslunnar frá Hafrannsóknastofnun, tóku Sigurður Már Einarsson, Ingi Rúnar Jónsson, Jóhannes Jónu Guðbrandsson, Friðþjófur Árnason, Guðni Guðbergsson, Eydís Njarðardóttir, Fjóla Rut Svavarsdóttir, Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Jóhanna Margrét Haraldsdóttir, Jónína Herdís Ólafsdóttir, Tumi Tómasson og Sigurður Óskar Helgason þátt í söfnun sýna. Guðni Guðbergsson las yfir handritið og færði margt til betri vegar.

Heimildir

Alexander, D.H., Novembre, J. og Lange, K. (2009). Fast model-based estimation of ancestry in unrelated individuals. *Genome Research*, 19: 1655 – 1664.

Anderson, E.C. og Thompson E.A. (2002). A model-based method for identifying species hybrids using multilocus genetic data. *Genetics*, 160: 1217 – 1229.

Behnke, R.J. (1972). The systematics of salmonid fishes of recently glaciated lakes. *Journal of the Fisheries Research Board of Canada*, 29: 639 – 671.

Besnier, F., Ayllon, F., Skaala, Ø., Solberg, M.F., Fjeldheim, P.T., Anderson, K., Knutar, S. og Glover, K.A. (2022). Introgression of domesticated salmon changes life history and phenology of a wild salmon population. *Evolutionary Applications*, 15: 853 – 864.

Besnier, F. og Glover, K.A. (2013). ParallelStructure: A R Package to Distribute Parallel Runs of the Population Genetics Program STRUCTURE on Multi-Core Computers. *PLoS ONE* 8: e70651.

Bolstad, G.H., Hindar, K., Robertsen, G., Jonsson, B., Sægrov, H., Diserud, O.H., Fiske, P., Jensen, A.J., Urdal, K., Næsje, T.F., Barlaup, B.T., Florø-Larsen, B., Lo, H., Niemelä, E. og Karlsson, S. (2017). Gene flow from domesticated escapes alters the life history of wild Atlantic salmon. *Nature Ecology & Evolution*, 1: 0124.

Bolstad, G.H., Karlsson, S., Hagen, I.J., Fiske, P., Urdal, K., Sægrov, H., Florø-Larsen, B., Sollien, V.P., Østborg, G., Diserud, O.H., Jensen, A.J. og Hindar, K. (2021). Introgression from farmed escapees affects the full life cycle of wild Atlantic salmon. *Science Advances*, 7: eabj3397.

Bourret, V., O'Reilly, P.T., Carr, J.W., Berg, P.R. og Bernatchez, L. (2011). Temporal change in genetic integrity suggests loss of local adaptation in a wild Atlantic salmon (*Salmo salar*) population following introgression by farmed escapees. *Heredity*, 106: 500 – 510.

Bradbury, I.R., Lehnert, S.J., Kess, T., Van Wyngaarden, M., Duffy, S., Messmer, A.M., Wringe, B., Karoliussen, S., Dempson, J.B., Fleming, I.A., Solberg, M. F., Glover, K.A. og Bentzen, P. (2022). Genomic evidence of recent European introgression into North American farmed and wild Atlantic salmon. *Evolutionary Applications*, 15: 1436 – 1448.

Carr, J.W. og Whoriskey, F.G. (2006). The escape of juvenile farmed Atlantic salmon from hatcheries into freshwater streams in New Brunswick, Canada. *ICES Journal of Marine Science*, 63: 1263 – 1268.

Chang, C.C., Chow, C.C., Tellier, L.C., Vattikuti, S., Purcell, S.M. og Lee, J.J. (2015). Second-generation PLINK: rising to the challenge of larger and richer datasets. *Gigascience*, 4: 7.

Daniélsdóttir, A.K., Marteinsdóttir, G., Árnason, F. og Guðjónsson, S. (1997). Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) populations in Iceland. *ICES Journal of Marine Science*, 54: 986 – 997.

Diserud, O.H., Fiske, P., Karlsson, S., Glover, K.A., Næsje, T. o.fl. (2022). Natural and anthropogenic drivers of escaped farmed salmon occurrence and introgression into wild Norwegian Atlantic salmon populations. *ICES Journal of Marine Science*, 79: 1363 – 1379.

Diserud, O.H., Hindar, K., Karlsson, S., Glover, K.A. og Skaala, Ø. 2020. Genetisk påvirkning av rømt oppdrettslaks på ville laksebestander – oppdatert status 2020. NINA Rapport 1926. Norsk institutt for naturforskning. 80 bls.

Ellis, J.S., Gilbey, J., Armstrong, A., Balstad, T., Cauwelier, E. o.fl. (2011). Microsatellite standardization and evaluation of genotyping error in a large multi-partner research programme for conservation of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.). *Genetica*, 139: 353 – 367.

Erfðanefnd landbúnaðarins (2019). Umsögn erfðanefndar landbúnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, þingskjal 1060-647. Mál. [<https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4901.pdf>]

- Falush, D., Stephens, M. og Pritchard, J.K. (2003). Inference of population structure using multilocus genotype data: linked loci and correlated allele frequencies. *Genetics*, 164: 1567 – 1587.
- Finnegan, A.K., Griffiths, A.M., King, R.A., Machado-Schiaffino, G., Porcher, J.-P., Garcia-Vazquez, E., Bright, D. og Steven, J.R. (2013). Use of multiple markers demonstrates a cryptic western refugium and postglacial colonisation routes of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in northwest Europe. *Heredity*, 111: 34 – 43.
- Fleming, I.A., Hindar, K., Mjølneröd, I.B., Jonsson, B., Balstad, T. og Lamberg, A. (2000). Lifetime success and interactions of farm salmon invading a native population. *Proceedings of the Royal Society of London, Series B-Biological Sciences*, 267: 1517 – 1523.
- Fleming, I.A., Jonsson, B., Gross, M.R., og Lamberg, A. (1996). An Experimental Study of the Reproductive Behaviour and Success of Farmed and Wild Atlantic Salmon (*Salmo salar*). *Journal of Applied Ecology*, 33: 893 – 905.
- Fraser, D.J., Weir, L.K., Bernatchez, L., Hansen, M.M. og Taylor, E.B. (2011). Extent and scale of local adaptation in salmonid fishes: review and meta-analysis. *Heredity*, 106: 404 – 420.
- Garant, D., Fleming, I.A., Einum, S. og Bernatchez, L. (2003). Alternative male life-history tactics as potential vehicles for speeding introgression of farm salmon traits into wild populations. *Ecology Letters*, 6: 541 – 549.
- Garcia de Leaniz, C., Fleming, I.A., Einum, S., Verspoor, E., Jordan, W.C., Consuegra, S., Aubin-Horth, N., Lajus, D., Letcher, B.H., Youngson, A.F., Webb, J.H., Vøllestad, L.A., Villanueva, B., Ferguson, A. og Quinn, T.P. (2007). A critical review of adaptive genetic variation in Atlantic salmon: implications for conservation. *Biological Reviews*, 82: 173 – 211.
- Gilbey, J., Coughlan, J., Wennevik, V., Prodöhl, P., Stevens, J.R. o.fl. (2018). A microsatellite baseline for genetic stock identification of European Atlantic salmon (*Salmo salar* L.). *ICES Journal of Marine Science*, 75: 662 – 674.
- Gilbey, J., Sampayo, J., Cauwelier, E., Malcolm, I., Millidine, K., Jackson, F., og Morris, D.J. (2021). A national assessment of the influence of farmed salmon escapes on the genetic integrity of wild Scottish Atlantic salmon populations. *Scottish Marine and Freshwater Science*, 12: 12. 70 bls.
- Glover, K.A., Pertoldi, C., Wennievik, V., Kent, M og Skaala, Ø. (2013). Atlantic salmon populations invaded by farmed escapees. Quantifying genetic introgression with a Bayesian approach and SNPs. *BMC Genetics*, 14: 74.
- Glover, K.A., Quintela, M., Wennevik, V., Besnier, F., Sørvik, A.G.E. og Skaala, Ø. (2012). Three decades of farmed escapees in the wild: a spatio-temporal analysis of Atlantic salmon population genetic structure throughout Norway. *PloS One* 7: e43129.
- Glover, K.A., Solberg, M.F., McGinnity, P., Hindar, K., Verspoor, E., Coulson, M.W., Hansen, M.M., Araki, H., Skaala, Ø. og Svåsand, T. (2017). Half a century of genetic interaction between farmed and wild Atlantic salmon: Status of knowledge and unanswered questions. *Fish and Fisheries*, 18: 890 – 927.
- Glover, K.A., Wennevik, V., Hindar, K., Skaala, Ø., Fiske, P., Solberg, M.F., Diserud, O.H., Svåsand, T., Karlsson, S., Andersen, L.B. og Grefsrud, E.S. (2020). The future looks like the past: Introgression of domesticated Atlantic salmon escapees in a risk assessment framework. *Fish and Fisheries*, 21: 1077 – 1091.
- Guðjónsson, S. og Scarnecchia, D.L. (2009). “Even the evil need a place to live”: wild salmon, salmon farming, and zoning of the Icelandic coastline. *Fisheries*, 34: 477 – 486.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2022). Lax- og silungsveiðin 2022. Hafrannsóknastofnun, HV 2023-22. 39 bls.
- Hagen, I.J., Jensen, A.J., Bolstad, G.H., Diserud, O.H., Hindar, K., Lo, H. og Karlsson, S. (2019). Supplementary stocking selects for domesticated genotypes. *Nature Communications*, 10: 199.
- Hansen, L.P. (2006). Migration and survival of farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) released from two Norwegian fish farms. *ICES Journal of Marine Science*, 63: 1211 – 1217.

- Hansen, L.P. og Youngson, A.F. (2010). Dispersal of large farmed Atlantic salmon, *Salmo salar*, from simulated escapes at fish farms in Norway and Scotland. *Fisheries Management and Ecology*, 17: 28 – 32.
- Hindar, K., Ryman, N. Og Utter, F. (1991). Genetic effects of cultured fish on natural fish populations. *Canadian journal of fisheries and aquatic sciences*, 48: 945 – 957.
- Hindar, K., Tufto, J., Sættem, L.M. og Balstad, T. (2004). Conservation of genetic variation in harvested salmon populations. *ICES Journal of Marine Science*, 61: 1389 – 1397.
- Holborn, M.K., Crowley, S.E., Duffy, S.J., Messmer, A.M., Kess, T., Dempson, J.B., Wringe, B.F., Fleming, I.A., Bentzen, P. og Bradbury, I.R. (2022). Precocial male maturation contributes to the introgression of farmed Atlantic salmon into wild populations. *Aquaculture Environmental Interactions*, 14: 205 – 218.
- Ingi Rúnar Jónsson (2005). Uppruni fiska sem bárust Veiðimálastofnun til skoðunar árið 2004. Veiðimálastofnun, VMST-R/0516. 5 bls.
- Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2004). Laxar af eldisuppruna endurheimtir á Austurlandi sumarið 2003. Veiðimálastofnun, VMST-R/0403. 14 bls.
- Jonsson, B. Og Jonsson, N. (2011). *Ecology of Atlantic Salmon and Brown Trout: Habitat as a template for life histories*. Fish & Fisheries Series, 33. Bindi. Springer, New York. 708 bls.
- Jonsson, B. Og Jonsson N. (2017). Maternal inheritance influences homing and growth of hybrid offspring between wild and farmed Atlantic salmon. *Aquaculture Environmental Interactions*, 9: 231 – 238.
- Jóhannes Sturlaugsson (2017). Rannsókn á fiskistofnum í ám í Ketildölum 2016. Laxfiskar. 7 bls.
- Jóhannes Sturlaugsson (2021). Eldislaxar á hrygningarslóð villtra laxa í Fífustaðadalsá í Arnarfirði 2015 – 2020. Laxfiskar. 8 bls.
- Jóhannes Sturlaugsson og Snæbjörn Pálsson (2023). Annual monitoring 2015-2022 of spawning of farmed salmon in small rivers with Atlantic salmon stocks in the vicinity of salmon farming in net pens in Arnarfjörður NW-Iceland. Fyrirlestur á Salmon Summit 2023, NASF, Reykjavík, 16.-17. Mars 2023.
- Karlsson, S., Diserud, O.H., Fiske, P. og Hindar, K. (2016). Widespread genetic introgression of escaped farmed Atlantic salmon in wild salmon populations. *ICES Journal of Marine Science*, 73: 2488 – 2498.
- Karlsson, S., Diserud, O.H., Moen, T. og Hindar, K. (2014). A standardized method for quantifying unidirectional genetic introgression. *Ecology and Evolution*, 16: 3256 – 3263.
- Karlsson, S., Florø-Larsen, B., Sollien, V.P., Eriksen, L.B., Anders-skog, I.P.Ø, Brandsegg, H., Halvorsen, B.U. og Hemphill, E.J.K. (2018). Stamlakskontroll 2017. NINA Rapport 1486. Norsk institutt for naturforskning. 15 bls.
